FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
171. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 22. JÚLÍ 2017



# Þetta er alvöru bransi

Gunnar Helgason, barnabókahöfundur og leikari, ræðir um listsköpun fyrir börn, öll dýrin í skóginum og samheldna leikarastétt.
➜20

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



## ÁFRAM ÍSLAND!

Stelpurnar okkar mæta Sviss í dag. ➜26



## Vilja endurvinna allt

39 þúsund tonnum af fatnaði skilað. ➜28



## Rokk og kjólar

Magga Stína skiptir um gír og flytur til San Francisco. ➜18

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Gear Fit 2
4.990 kr.
Fullt verð: 29.990 kr.
Gear S3
19.990 kr.
Fullt verð: 59.990 kr.



Samsung snjallúr
á fantagóðu verði þegar þú kaupir Samsung Galaxy S8 síma.



siminn.is/sumarvorur

## Veður




Vaxandi suðaustanátt í dag, 8-15 m/s við suðvesturströndina síðdegis, en 10-18 á norðanverðu Snæfellsnesi. Þar má búast við hvössum vindhviðum og ekki ráðlegt að ferðast á ökutækjum sem taka á sig mikinn vind þar. SJÁ SÍÐU 38

# Barist við eiturplöntur



Starfsmenn Reykjavíkurborgar íklæddir sérstökum hlífðarbúningum, tóku í gær til við að uppræta hættulega bjarnarkló, eða tröllahvönn, í Laugarnesi. Sú planta vex víða í borginni og annað afbrigði, húnaklóin, er skyndilega farin að dreifa úr sér líka. Báðar þessar plöntur geta valdið alvarlegum brunasárum og jafnvel varanlegri blindu ef vökvi úr þeim berst í augu að sögn Snorra Sigurðssonar, líffræðings hjá borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Borgarholtsskóli vill nýtt listahús

**MENNTAMÁL** Listgreinar hafa vaxið að vinsældum hjá Borgarholtsskóla og vill skólinn nú byggja séraðstöðu fyrir greinarnar. Í byrjun sumars sendi skólinn erindi til menntamálaráðuneytisins um uppbyggingu kennsluaðstöðu fyrir skapandi greinar.

„Aðsókn í listnám hefur verið að aukast töluvert hjá okkur í Borgarholtsskóla. Það er búið að vera mjög vinsælt og búið að sprengja utan af sér hjá okkur,“ segir Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla. Skráðir nemendur í listnámi eru í dag 167 talsins.

„Við höfum sent óskir um að fá hreinlega að huga að byggingu listaskóla. Við erum meðal annars með leiklist, kvikmyndagerð og grafíska hönnun. Það er búin að vera sprenging í atvinnulífinu í kvikmyndageiranum, meðal annars vegna Baltasars Kormáks og allra kvikmyndanna sem hafa verið teknar hér á landi. Unga fólkið sér þarna tækifæri og sækir um í þetta nám,“ segir Ársæll.



Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla

„Við erum eins og aðrir að kenna þetta í skóla sem var byggður til að kenna bóklegar greinar,“ segir hann.

Búið er að breyta hefðbundnum kennslustofum í myndver, leiksvið, myndlistar- og hönnunarstofu, með litlum möguleikum á að koma fyrir nauðsynlegum tækjabúnaði, meðal annars vegna stærðar og lofthæðar. Engar geymslur né pláss eru fyrir leikmyndir, leikmuni, búninga, ljósaborð, teiknitrönur eða annað nauðsynlegt. Pláss er á lóð skólans fyrir húsnæði sem þetta. **– sg**

## Millilandaflug frá Reykjavík

**SAMGÖNGUR** Isavia vill að opnað verði á meira millilandaflug frá Reykjavíkurflugvelli, bæði til að létta á Keflavíkurflugvelli og til að stytta ferðatíma flugfarþega.

„Við erum að ræða við yfirvöld og reyna að athuga hvort það sé ekki hægt að fá þessu banni, eða þessum reglum, breytt að því leyti að þær verði þá opnari þannig að það sé hægt að stunda meira flug hér út. Þannig að við erum að beita okkur í því, já, að fá að minnsta kosti umræðu í gang um málið,“ sagði Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri flugvallasviðs Isavia, við fréttastofu í gær.

Jón Karl benti jafnframt á að meðan Keflavíkurflugvöllur sé orðinn þéttsetinn sé völlurinn í Reykjavík vannýttur. Með nýtingu hans væri hægt að dreifa álagi betur. **– kmu**


## MÁLVERKASAFN IÐNÓ - LISTMUNIR

Til sölu í einu lagi málverka og listmunasafn Iðnó ehf vegna brottflutnings rekstraraðila úr húsinu.

Um er að ræða perlur eftir m.a. Ásgrím Jónsson, Þórarinn B. Þorláksson, Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson, Finn Jónsson, Jón Engilberts,Svein Þórarinsson,Jóhann Briem,Erró,Valtý Pétursson,Snorra Arinbjarnar og marga fleiri þekkta myndlista menn.

Æskilegt að selja heildarsafnið enda upplagt fyrir stofnanir og fyrirtæki að stofna góðan grunn af listaverkasafni með þessum kaupum.

Verkin verða til sýnis áhugasömum eftir nánara samkomulagi og fyrirspurnum verður einungis svarað berist þær í rafpósti á; idno@idno.is

Verkin verða afhent kaupanda hinn 01.október n.k. þegar núverandi rekstraraðili tæmir fasteignina.


# Sólgleraugu földu tárin

## Krossbandsslit slökktu í EM draumi systranna frá Heimaey, Margrétar Láru og Elísu Viðarsdætra, sem ætluðu að vera í eldlínunni með landsliðinu í Hollandi.

**EM2017** Þó að krossbandsslit hafi slökkt í EM draumi systranna Elísu og Margrétar Láru Viðarsdætra eru Eyjameyjarnar engu að síður mættar til Hollands þar sem þær dvelja í sumarhúsabyggð með hátt í þrjátíu manns úr fjölskyldunni.

Systrunum fannst erfitt að vera í stúkunni í leiknum gegn Frakklandi.

„Mér fannst það mjög erfitt þótt við höfum báðar undirbúið okkur mjög vel. Ég setti upp sólgleraugun í þjóðsöngnum,“ segir Margrét Lára. Tárin voru af tvennu tagi.

„Bæði er maður svekktur yfir að vera ekki að spila og svo var maður grátandi smá gleðitárum, og nú hljóma ég eins og hundrað ára, en ég er búin að vera í þessu í fimmtán ár og sjá hvað við Íslendingar erum frábærir,“ segir Margrét Lára og minnist þess að fimmtíu manns hafi fylgt liðinu á EM í Finnlandi 2009. Um þrjú þúsund manns eru í Hollandi.

„Að hafa fengið að fara þennan stiga með liðinu, maður fyllist svo miklu stolti. Maður veit að ásamt fleiri leikmönnum á maður smá þátt í því og það er gaf manni óneitanlega mikla gleði líka.“




Eyjasysturnar Margrét Lára og Elísa Viðarsdætur eru báðar á EM í Hollandi.

Elísa, sem er 26 ára varnarmaður, sleit krossband í vináttulandsleik gegn Hollandi í apríl. Tveimur mánuðum síðar sleit markadrottningin svo krossband í leik í Pepsi-deild kvenna. Í báðum tilfellum varð fljótlega ljóst að þær yrðu ekki með á EM. Elísa segir lærdómsríkt að að vera hinum megin við borðið.

„Þetta er eitthvað sem mótíverar mann í endurhæfingunni. Maður einhvern veginn er ofboðslega viljugur að gera þetta vel og koma sterkari til baka,“ segir Elísa. Hún setti sömuleiðis upp sólgleraugun á Frakkaleiknum.

Það eru ekki bara stundirnar á vellinum sem systurnar sakna. Stelpurnar í landsliðinu eru duglegar á samfélagsmiðlum og má sjá að lífið á hótelinu er skemmtilegt, mikið hlegið. „En við eigum líka frábærar stundir hérna saman fjölskyldan,“ segir Elísa.

Margrét Lára tekur undir að forvitnilegt sé að vera hinum megin við borðið. „Nú vitum við hvað þau verða að gera á HM eftir tvö ár þegar við verðum í harkinu á vellinum,“ segir hún og tekur af allan vafa um hvort hún hyggi á endurkomu.Hún verður 31 árs síðar í mánuðinum.

Þær eru bjartsýnar fyrir leikinn gegn Sviss í dag. Margrét minnir á að 1-0 tap gegn Frakklandi séu „bestu verstu“ úrslitin sem hægt var að fá. „Ég sé ekki mörg lið fara svona í gegnum Frakklandsleiki,“ segir hún og talar af reynslu því hún skoraði óvænt sigurmark gegn Frökkum árið 2007 í leik sem markaði upphafið að EM ævintýrum stelpnanna. Tíu árum síðar eru þær stoltar af stöðu landsliðsins og Elísa segir varnarfærslurnar í Frakklandsleiknum hafa verið svo til upp á tíu.

„Það eina sem vantaði var smá heppni upp við markið,“ segir Margrét Lára. Eflaust hafi verið stress gegn Frökkum og ekki náðst að halda boltanum nógu vel innan liðsins. Það verði betra gegn Sviss.

„Ég held við séum að fara að vinna þennan leik, ég er eiginlega viss um það.“ **kolbeinntumi@365.is**

# 90% Húsnæðislán

## Vegna fyrstu kaupa

**Framtíðin býður upp á viðbótarlán sem henta vel sem viðbót við lán frá lífeyrissjóði eða banka. Að hámarki er lánað fyrir 90% af markaðsvirði eignar vegna fyrstu kaupa en 85% annars.**

Ef annar af tveimur eigendum hefur ekki áður verið þinglýstur eigandi íbúðarhúsnæðis er hámark veðsetningar 87,5%.

**nánar á www.framtidin.is**

Framtíðin

Framtíðin er sjálfstætt lánafyrirtæki sem býður upp á húsnæðislán, námslán og almenn lán til einstaklinga. Framtíðin hefur hlotið skráningu sem lánveitandi hjá Fjármálaeftirlitinu samkvæmt lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

**TÖLUR VIKUNNAR** 16.07.2017 – 22.07.2017

## 9 ár

afplánar O.J. Simpson af dómi sínum áður en hann fær reynslulausn úr fangelsi í október.





## 43 farþegar

voru um borð í rútu Time Tours sem valt á Gjábakkavegi. Enginn slasaðist en eigandi Time Tours segir ástandi vegarins um að kenna.

## 7



voru sofandi þegar eldur kviknaði í húsinu Austurhlíð í Mývatnssveit. Vatnslaust var í þorpinu vegna viðgerðar og var Mývatn sjálft notað til að slökkva eldinn.



## 7 skipverjar

af Polar Nanoq báru vitni í máli ákæruvaldsins gegn Thomasi Möller Olsen í Héraðsdómi Reykjaness.

## 1-0



fór leikur íslenska landsliðsins í knattspyrnu kvenna gegn Frökkum á EM í Hollandi. Umdeildan vítaspyrnudóm þurfti til þess að Frakkar hirtu stigin þrjú.

## 1 milljón



rúmmetra af skólpi er áætlað að hafi farið í sjóinn vegna bilunar í dælustöðinni í Faxaskjóli.

## Þrjú í fréttum
### Mynt, móðir og misnotað fé

**Bjarni Benediktsson**
*forsætisráðherra*



sagði enga upplausn í ríkisstjórninni og að stefnan í gjaldeyrismálum væri skýr. Lét hann þau orð falla í kjölfar greinar sem Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra skrifaði þar sem hann sagði krónuna hemil á heilbrigð viðskipti.

**Harpa Þorsteinsdóttir**
*knattspyrnumaður*



vakti athygli fjölmiðlamanna á EM þegar hún mætti með fimm mánaða gamlan son sinn í viðtöl eftir tapið fyrir Frökkum. Sagði hún að Íslendingum fyndist ef til vill eðlilegra en öðrum að faðirinn sæi um barnið á meðan mamman væri í öðru.

**Orri Hauksson**
*forstjóri Símans*



segir opinbert fé vera misnotað í Gagnaveitunni. Sendi Orri stjórnarmönnum Orkuveitunnar bréf og kvartaði undan framgöngu Gagnaveitunnar, dótturfélags OR, á ljósleiðaramarkaði. Málið snýst um að Síminn hafi reynt án árangurs að fá samvinnu við Gagnaveituna varðandi samnýtingu innviða. Orkuveitan svaraði því að Síminn þurfi að lúta sömu kröfum og aðrir.

# Ráðherra andvígur undanþágu frá lögum fyrir kísilver á Bakka

**Kísilver PCC á Bakka fær að losa fjórfalt meira af ryki út í andrúmsloftið en ný lög leyfa fyrstu tvö rekstrarárin og 73 daga á ári framvegis, verði tillaga Umhverfisstofnunar staðfest. Umhverfisráðherra segir lögin eiga að gilda. Að ósk PCC er lagt til að stuðlar frá sérfræðingi Elkem í Noregi gildi um losun þungmálma.**

**STÓRIÐJA** Reglurnar sem settar voru á Alþingi í vor eiga að gilda umsvifalaust og án undanþága, segir Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra, aðspurð um tillögu Umhverfisstofnunar að rekstrarleyfi fyrir PCC á Bakka.

Samkvæmt tillögunni fær kísilverið á Bakka heimild til að losa fjórfalt meira af ryki út í andrúmsloftið fyrstu tvö rekstrarárin en heimilt er samkvæmt Evróputilskipun sem var innleidd með lagabreytingu hér á landi í vor. Að þeim tíma liðnum ber kísilverinu halda sig innan við 5 milligrömm á rúmmetra en fær þó samkvæmt tillögu Umhverfisstofnunar að fjórfalda það losunarmagn 20 prósent starfstímans eða sem samsvarar 73 dögum á ári.

„Í rauninni er verið að lækka mörkin en hingað til hafa fyrirtæki fengið ákveðið svigrúm. Þetta er tillaga að útfærslu sem er nú til umsagnar og við hvetjum fólk til að senda okkur athugasemdir,“ segir Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar.

Kristín Linda bendir á að bæði stjórnvöld og fyrirtæki, þar á meðal Thorsil og United Silicon, hafi fjögur ár til að bregðast við þessum nýju skilyrðum.

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra segir að hertu reglurnar hafi verið samþykktar með öllum greiddum atkvæðum á Alþingi í vor. „Það er mikilvægt að vilji kjörinna fulltrúa gildi umsvifalaust og án undanþága.“

Í tillögunni er einnig lagt til að aðrir stuðlar verði notaðir til útreiknings á þungmálmalosun, eftir óskum rekstraraðilans og miðað verði við stuðla sem eru þróaðir af starfandi sérfræðingi hjá Elkem ASA Silicon Materials í Noregi. Nýju stuðlarnir taki meira tillit til notkunar en Kristín Linda segir þá gömlu gefa hærri losunartölur en raunin sé. „Markmið Umhverfisstofnunar er að ýta á fyrirtæki að styðjast við nákvæmari tölur frekar en reikningsstuðla,“ segir Kristín.

Ekki er sjálfgefið að nýju stuðlarnir eigi að gilda fyrir allar verksmiðjurnar og því mögulegt að mismunandi stuðlar gildi um þær silíkonverksmiðjur sem hér starfa.

Björt segist ekki geta metið, að svo stöddu, hvaða stuðlar séu bestir en almennt hljóti að fara best á því að nota samræmd eftirlitstæki fyrir sambærilegar verksmiðjur.

„Eftirlitið þarf að vera eins gegnsætt og kostur er til að almenningur hafi tök á að fylgjast með mengandi stóriðju í landinu.“

aðalheidur@frettabladid.is



Fjölmenni var á Bakka við athöfn við upphaf framkvæmda í september 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **Það er mikilvægt að vilji kjörinna fulltrúa gildi umsvifalaust og án undanþága.**
>
> Björt Ólafsdóttir, umhverfisráðherra








# Vonsvikin með rannsókn Stígamóta

**SAMFÉLAG** „Það kemur mér ekki á óvart að hún hafi afgreitt þetta svona,“ segir Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, fyrrverandi starfskona Stígamóta, um það að Guðrún Jónsdóttir muni taka aftur við hlutverki talskonu Stígamóta.

Helga steig fram og lýsti upplifun sinni af ofbeldi og einelti á vinnustaðnum í síðasta mánuði, í kjölfarið stigu níu aðrar konur fram, og steig þá Guðrún til hliðar á meðan fram fór sálfélagslegt áhættumat til að greina ástandið á vinnustaðnum.

Í tilkynningu frá Stígamótum segir að stjórn og starfshópur hafi tekið þessa umræðu um neikvæða starfsupplifun af fyllstu alvöru. Leitað var til vinnustaðasálfræðinga, Vinnueftirlitsins og vinnustaðalögfræðinga og ákveðið var að fylgja í einu og öllu ráðleggingum þeirra um faglegt vinnubrögð.

Helga gagnrýnir þó meðferð málsins. „Þessi samtök ættu að vita það allra best að þú rannsakar ekki brot án þess að tala við brotaþola eða fá þeirra sjónarmið. Það var ekki mér vitandi talað við neina brotaþola á meðan á rannsókninni stóð.“



Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir, fyrrverandi starfskona Stígamóta.

> **Þessi samtök ættu að vita það allra best að þú rannsakar ekki brot án þess að tala við brotaþola eða fá þeirra sjónarmið.**

„Það eru vonbrigði að samtök sem vinna með þolendum ofbeldis allan daginn geti ekki tæklað það þegar kemur upp innan þeirra eigin veggja ásökun um ofbeldi. Ég hefði haldið að það væri þeim til sóma að þau af öllum ættu að taka raddir brotaþola alvarlega,“ segir Helga.

„Ég var nýbúin að senda þeim tölvupóst og spyrja hver tæki út þessa úttekt og hvort yrði talað við mig eða fyrri starfskonur og ég fæ engin svör við því og svo kemur bara þessi tilkynning í gær, þeir ætla bara að loka þessu svona,“ segir Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir. – sg




KIA
**Við stöndum með stelpunum okkar**
The Power to Surprise

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland




RONDA – GRAZALEMA – ZAHARA DE LA SIERRA
BENALAURÍA – GENALGUACIL – CONIL DE LA FRONTERA

Gönguferðir um fjallendi Málaga og Cádiz á Spáni. Við kynnumst hinum „hvítu þorpum“ Andalucíu og einnig gullnum ströndum Cádiz. Gist er á fallegu hóteli í bænum Ronda fyrstu 4 næturnar og þaðan förum við í dagsferðir og heimsækjum nokkur af hvítu þorpum Andalúsíu: Grazalema og Zahara de la Sierra staðsett í þjóðgarði Grazalemafjallanna og þorpin Benalauría og Genalguacil í fjalllendi Málaga.



Gengið er í grennd við þorpin sem heimsótt eru hverju sinni, um 4-6 tíma á dag, og flokkast göngurnar undir léttar til miðlungserfiðar og henta því flestum sem eru í nokkuð góðu formi.



Á fimmta degi keyrum við niður að strandbænum Conil de la Frontera í Cádiz og njótum þess að liggja í sólinni og kíkja á mannlífið, en Conil de la Frontera er einstaklega skemmtilegur og fallegur bær með mikið úrval af búðum, veitingastöðum og börum fyrir utan víðfeðma strönd sem bærinn liggur við. Farið verður í kynnisferð síðasta kvöldið til Vejer de la Frontera. Þorpið Vejer de la Frontera stendur í 200 metra hæð uppi í fjalli og þaðan er hægt að sjá til hafs og jafnvel til Marokkó í góðu skyggni. Á þessum glæsilega stað ætlum við að njóta saman kvöldverðar á einum þekktasta veitingastað bæjarins.
Við endum ferðina í Jerez de la Frontera og förum í sherrívínsmökkun í einum frægasta vínkjallara Jerez áður en flogið er aftur til Íslands.

**Frá kr. 219.995 m/fæði skv. ferð.**
Netverð á mann frá kr. 219.995 m.v. 2 í herbergi.
**Innifalið:** Flug og skattar. Innrituð 23 kg taska, akstur til og frá flugvelli, gisting m/morgunverði, 2 hádegisverðir og 1 kvöldverður. Rúta og fararstjórn í göngur. Kynnisferð til Vejer de la Frontera, vínframleiðslufyrirtækisins González Byass og smökkun á sherry. Íslensk og ensk fararstjórn í göngum m.v. lágmarksþátttöku 14 manns.

ENNEMM / SIA • NM79549 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu


## Tveir fórust í jarðskjálfta



6,7 stiga jarðskjálfti reið yfir grísku eyjuna Kos og tyrknesku borgina Bodrum í gær. Tveir ferðamenn fórust í skjálftanum og rúmlega hundrað slösuðust, mismikið þó. Kos er vinsæll ferðamannastaður og sækja einkum Grikkir og Tyrkir eyjuna heim. Upptök skjálftans voru um tíu kílómetra suður af Bodrum. NORDICPHOTOS/AFP

# Ekki gjaldmiðilsskipti í núverandi ríkisstjórn

**Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra segir að ekki verði breytt um gjaldmiðil nema það eigi sér aðdraganda. Hann talar fyrir lausn sem dregur úr sveiflum á gengi krónunnar, hvort sem það verður myntráð eða eitthvað annað.**

**EFNAHAGSMÁL** Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra segir það rétt hjá Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra að það sé skoðun Benedikts og Viðreisnar að hafna beri krónunni. Það sé hins vegar hlutverk stjórnmálamanna að benda á lausnir við vandamálum. Nýr gjaldmiðill er þó ekki á döfinni.

„Ég held að sé mjög ólíklegt að við tökum upp annan gjaldmiðil á tímum þessarar ríkisstjórnar,“ segir Benedikt. „Það er augljóst að það verður ekki breytt um gjaldmiðil nema það eigi sér aðdraganda og aðdragandinn felst meðal annars í því að menn tali um málin.“

Grein Benedikts í Fréttablaðinu á fimmtudaginn þar sem hann ítrekaði afstöðu Viðreisnar um að fundin yrði lausn á gengissveiflum íslensku krónunnar vakti nokkra athygli. Í henni sagði Benedikt Viðreisn hafa verið stofnaða til þess að stuðla að sátt og stöðugleika. Slíkur stöðugleiki náist aldrei nema með stöðugum gjaldmiðli sem standi undir nafni og bjóði upp á svipaða vexti og í nágrannalöndum.

„Það sem hefur gerst að undanförnu er að menn sjá miklar sveiflur á gengi krónunnar á stuttum tíma. Það er auðvitað óheppilegt ástand fyrir fyrirtæki. Ég bendi á það að þetta ástand hefur ekki breyst neitt og við þurfum að vera óhrædd að tala um breytingar,“ segir Benedikt.

> Það er augljóst að það verður ekki breytt um gjaldmiðil nema það eigi sér aðdraganda og aðdragandinn felst meðal annars í því að menn tali um málin.
>
> Benedikt Jóhannesson, fjármálaráðherra



Hann segir að í ríkisstjórnarsáttmálanum standi að flokkarnir vilji finna lausn sem dragi úr sveiflum á gengi krónunnar. „Ég hef sagt að þetta gæti gerst í einhverjum áföngum, fyrst gætum við sett okkur markmið þar sem krónunni yrði leyft að sveiflast innan ákveðins ramma og ramminn svo þrengdur.“

Lausnin gæti að mati Benedikts verið myntráð en jafnvel eitthvað annað. „Við eigum að fá tillögur frá nefnd sem er núna að störfum sem hefur þetta markmið að reyna að draga úr sveiflum á gengi krónunnar. Ef menn koma með aðra lausn sem leiðir til annarrar niðurstöðu þá hef ég mjög mikinn áhuga á því að við nýtum okkur hana. En myntráð er ein lausn sem margar þjóðir hafa nýtt sér.“

saeunn@frettabladid.is




Með hinum glæsilega Avensis tryggir þú mikilvægustu farþegunum meira rými til að njóta og aksturinn verður langtum ljúfari – svo mjög að undir stýri hans eru gæðastundir alltaf bara rétt handan við hornið.

Líttu við og mátaðu þig og þína við Avensis með reynsluakstri. Núna er tíminn.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Heimilin ekki viðkvæm fyrir verðfalli

**Ekki er talið að nýjar reglur FME um hámark veðsetningarhlutfalls muni breyta miklu, enda hafa bankarnir almennt stigið varlega til jarðar í lánveitingum til fasteignakaupa. Hagfræðingur segir allt aðrar forsendur fyrir hækkun íbúðaverðs nú en á árunum fyrir hrun.**



Vísbendingar eru um að áfram verði þrýstingur á fasteignaverð að mati Fjármálaeftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**EFNAHAGSMÁL** Sá reginmunur er á núverandi uppsveiflu á íbúðamarkaði og þeirri síðustu, á árunum fyrir fall bankanna, að hækkandi íbúðaverð er nú ekki drifið áfram af óhóflegri skuldsetningu heimilanna. Heimilin ættu því ekki að vera eins viðkvæm fyrir verðfalli á markaðinum. Þetta segir Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.

Hann nefnir að á árunum fyrir hrun hafi veðsetningarhlutföll og hámarkslán verið hækkuð úr hófi fram og fjármálastofnanir stigið á bensíngjöfina, ef svo má segja. Það hafi þrýst íbúðaverði upp. Allt aðrar forsendur séu fyrir hækkun íbúðaverðs nú.

Samkvæmt nýjum reglum Fjármálaeftirlitsins (FME), sem voru birtar í fyrradag, má ekki lána fyrir meira en 85% af markaðsverði fasteignar. Við kaup á fyrstu fasteign er þó heimilt að lána allt að 90 prósent.

> **Það sem er alvarlegt er þegar lántakendur geta ekki staðið við afborganir sínar þegar að niðursveiflunni kemur.**
>
> Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins



FME tók fram að reglurnar væru einkum settar til þess að tryggja að lánveitendur slökuðu ekki frekar á lánaskilyrðum í ljósi harðnandi samkeppni á íbúðalánamarkaði, nú þegar hækkanir á íbúðaverði eru miklar og vextir fara lækkandi.

Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri FME, segir reglunum hafa þann tilgang að koma í veg fyrir það sem gerðist árið 2008, þegar staða lántakenda varð óviðráðanleg. „Þótt við búumst ekki við jafn slæmu áfalli og þá, er full ástæða til að sýna ýtrustu varkárni gagnvart lækkun fasteignaverðs í framtíðinni.“

Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Landsbankanum, segir að reglurnar muni ekki breyta miklu, enda hafi bankarnir stigið varlega til jarðar í lánveitingum og láni ekki fyrir meira en 85 prósentum af markaðsvirði eignar. „Það er hugsanlega hægt að fá hærra lán einhvers staðar annars staðar, en nú er verið að koma í veg fyrir það. Að því leytinu til eru þessar reglur öryggistæki sem kemur í veg fyrir að fólk geti skuldsett eign sína fram úr hófi eins og gerðist fyrir hrun,“ segir hann.

Raunverð íbúða hefur hækkað umtalsvert undanfarin misseri og reyndist ársvöxtur þess til dæmis 21,2 prósent í síðasta mánuði.

Ingólfur segir raunverð húsnæðis standa hátt sögulega séð. Það hafi hækkað talsvert umfram undirliggjandi áhrifaþætti, eins og til dæmis kaupmáttarvöxt, að undanförnu, en stór hluti skýringarinnar sé viðvarandi skortur á framboði nýrra íbúða. „Það eru því viss hættumerki til staðar. Í því ljósi er það ábyrgðarefni að lána með mjög litlu eigin fé. Þá getur það gerst að heimili, sem taka lán fyrir slíkum fasteignakaupum, verði miklu viðkvæmari fyrir niðursveiflunni þegar að henni kemur,“ bendir hann á.

Hann segir veðsetningarhlutfallið þó aðeins eina hlið málsins. Einnig þurfi að líta til greiðslubyrðarinnar. „Oft er sagt að það skipti ekki höfuðmáli þótt eigið fé í húsnæði verði neikvætt um tíma, en það sem er alvarlegt er þegar lántakendur geta ekki staðið við afborganir sínar þegar að niðursveiflunni í efnahagslífinu kemur. Að því leyti þarf að hafa varann á og tryggja að greiðslumat byggist á raunhæfum áætlunum.“

Skýr merki séu um að greiðslumöt fjármálastofnana séu stífari en áður og það geti verið hluti ástæðunnar fyrir því að útlánavöxtur hafi ekki verið eins ör og í síðustu uppsveiflu. kristinningi@frettabladid.is






**Sara Björk Gunnarsdóttir**
Fyrirliði kvennalandsliðsins og Þýskalandsmeistari í knattspyrnu

Við kynnum nýjan Volkswagen Golf sem er engum líkur. Hann kemur í ótal útfærslum þannig að þú finnur örugglega þann eina rétta fyrir þig. Svo býr hann yfir eiginleikum og búnaði sem breyta akstrinum í hreint magnaða tilfinningu. Komdu og prófaðu nýjan Golf. Þú mátt til með að finna muninn.

**Verð frá aðeins 3.150.000 kr.**

**Við látum framtíðina rætast.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Metan bílarnir eru komnir til landsins!

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

HVALA KOFI

VANTAR ÞÉR AUKAHÚS FYRIR SUMARBÚSTAÐURINN, HOSTEL, HÓTEL, TJALDSVÆÐI EÐA ANNAÐ?



SALAN HEFST SUMARIÐ 2017

2.427.000KR ÁN VSK

HEFUR ÞÚ ÁHUGA? HAFÐU SAMBAND!
HVALAKOFI@GMAIL.COM EÐA Í
SIMA 7806022

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU


# Væringar í Washington

**Fjölmiðlafulltrúi Bandaríkjaforseta hefur sagt af sér. Hann var ósáttur við skipan nýs samskiptastjóra. Tveir lögfræðingar Bandaríkjaforseta eru einnig hættir.**

**BANDARÍKIN** Sean Spicer sagði í gær starfi sínu lausu sem fjölmiðlafulltrúi embættis Bandaríkjaforseta. The New York Times greindi frá því í gær að Spicer hefði verið ákaflega ósáttur við þá ákvörðun Donalds Trump forseta að skipa fjárfestinn Anthony Scaramucci í embætti samskiptastjóra Hvíta hússins. Segir í frétt blaðsins að Spicer hafi komið því á framfæri við Trump að forsetinn væri að gera „stór mistök“.

Blaðamannafundir Spicers vöktu mikla athygli en nýverið hætti hann að leyfa tökuvélar á fundunum svo ekki er hægt að sjónvarpa þeim. Á meðan tökuvélar voru leyfðar mældist áhorf á fundina mikið, einkum vegna umdeildra ummæla Spicers.

Í apríl síðastliðnum sagði Spicer, í kjölfar efnavopnaárásar Sýrlandshers, að Adolf Hitler hefði ekki einu sinni lagst svo lágt. Var hæðst að Spicer fyrir að gleyma því að Hitler fyrirskipaði notkun eiturgass til að myrða fjölda gyðinga og annarra minnihlutahópa.

Spicer varð einnig ósáttur við fréttaflutning í janúar af aðsókn að innsetningarathöfn forseta. Á meðan fjölmiðlar greindu frá því að fleiri hefðu sótt innsetningarathöfn Obama sagði Spicer: „Þetta var mesti fjöldi sem hefur fylgst með innsetningarathöfn, punktur!“ Átti hann þó við fjölda sem fylgdist með á heimsvísu, jafnt í sjónvarpi sem í persónu og er erfitt að hrekja þá fullyrðingu.



Sean Spicer hefur sagt af sér. NORDICPHOTOS/AFP


**Jeff Sessions, dómsmálaráðherra**

Það voru þó fleiri en Spicer sem sögðu upp í Washington. Það gerðu Mark Corallo, talsmaður lögfræðiteymis forsetans, og Marc Kasowitz, einkalögmaður Trumps, einnig. Þó greindi The New York Times frá því að Kasowitz væri ekki alveg hættur, hlutverk hans væri einungis að minnka. Corallo hættir aftur á móti alveg. BBC segir það vera vegna stefnu teymisins að koma óorði á þá er rannsaka meint afskipti Rússa af forsetakosningunum.

Vangaveltur hafa jafnframt verið uppi um framtíð dómsmálaráðherrans Jeffs Sessions í starfi. Á dögunum sagði Trump að hann hefði ekki skipað Sessions hefði hann vitað að dómsmálaráðherrann myndi víkja frá Rússarannsókninni. Sessions er aftur á móti ekki á því að hætta. „Ég er hæstánægður með þetta starf og þetta ráðuneyti og ég mun starfa hér eins lengi og það er við hæfi.“

**thorgnyr@frettabladid.is**


FRÉTTABLAÐIÐ Sumarleikur

Innilega til hamingju **Rannveig Möller!**

Rannveig hlaut í verðlaun Simba rúm frá Dorma. Þetta er hennar stund með Fréttablaðinu.

Fjöldi skemmtilegra mynda hafa verið sendar inn og við minnum á að leikurinn er enn í fullum gangi. Drögum út glæsilega vinninga í hverri viku.
**Hver fær Fiat Tipo?**

Taktu þátt á frettabladid.is/sumarleikur


*Stund Rannveigar með Fréttablaðinu*




HÚSASMIÐJAN DORMA FIAT


Grillað grænmeti
KARTÖFLUR
1 Skerið í munnbita og leggið í eldfast mót.
2 Kryddið með fersku rósmaríni, chili, salti og pipar.
3 Hellið lime-safa og ólífuolíu yfir og grillið í 20 mín.
Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á
islenskt.is
íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

# Orð og athafnir



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra lék óvenju djarfan leik með grein sinni hér í blaðinu í vikunni, sem bar yfirskriftina „Má fjármálaráðherra hafna krónunni?“ Í greininni færir Benedikt rök fyrir því að Íslendingar eigi að skipta út krónunni og taka upp annan gjaldmiðil. Þar á Benedikt augljóslega við evruna.

Rök Benedikts eru þekkt og sannfærandi. Krónan er vegna smæðar hagkerfisins óútreiknanlegur gjaldmiðill, og ekki til þess fallinn að tryggja stöðugleika. Hann bendir á að krónan ógni nú afkomu fyrirtækja sem græddu vel á veikri krónu fyrir fáeinum misserum. Við blasi að fyrirtæki í nýsköpun og þekkingariðnaði, sem oftar en ekki eru með tekjur í erlendri mynt, eigi nú erfiða tíma.

Þetta er gömul saga og ný. Hér áður fyrr var þetta vandamál leyst með pantaðri gengisfellingu þegar sjávarútvegurinn fór að finna fyrir styrkingu krónunnar. Sá tími virðist liðinn. Grein fjármálaráðherra bendir til þess að hann vilji eindregið berjast fyrir endanlegri lausn, það er nýjum, traustum gjaldmiðil, eða beintengingu krónunnar við annan gjaldmiðil.

Þetta er skynsamleg nálgun. Krónan gerir ekki bara fyrirtækjum í landinu ókleift að gera skynsamlegar áætlanir, heldur veldur hún því að vextir hér eru með þeim hæstu sem þekkjast á byggðu bóli. Það skerðir kjör fólksins í landinu.

Talsmenn krónunnar benda oft á að hún veiti okkur sveigjanleika þegar í harðbakkann slær. Hin hliðin á þeim peningi er að það er einmitt krónan sem reglulega hefur komið okkur í efnahagslegt klandur. Hún er í senn sjúkdómurinn og lækningin.

Íslendingar njóta þess nú að ferðast með ofursterka krónuna í vasanum. Lái þeim hver sem vill að flykkjast úr landi. Sagan kennir okkur að æskilegt er að eyða krónunum meðan þær halda verðgildi sínu. Á meðan er hin ofursterka króna farin að bíta ferðaþjónustuna svo um munar. Ferðamenn láta ekki endalaust bjóða sér okurverð.

Benedikt segir í grein sinni að hann sé einungis að feta í fótspor fjármálaráðherra nítján evrulanda sem hafi hafnað eigin gjaldmiðlum fyrir evruna. Sá munur er þó á að þeir framkvæmdu í samræmi við stefnu þeirra ríkisstjórna sem þeir sátu í. Útspil Benedikts stangast hreinlega á við stjórnarsáttmálann, eins og Bjarni Benediktsson forsætisráðherra benti á í gær.

Í máli forsætisráðherra kom jafnframt fram, að ríkisstjórnin hefði verið að vinna að endurbótum á ramma peningamála í landinu. Að störfum væri nefnd sem sett var af stað undir þeim formerkjum að krónan verði áfram okkar gjaldmiðill.

Útspil Benedikts er því í senn djarft og óvenjulegt. Þá er bara að fylgja orðum eftir með athöfnum, en ljóst er að samstarfsflokkurinn og stjórnarsáttmálinn sníða þröngan stakk í þeim efnum.

**Þá er bara að fylgja orðum eftir með athöfnum, en ljóst er að samstarfsflokkurinn og stjórnarsáttmálinn sníða þröngan stakk í þeim efnum.**

## Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



# Þarf þetta að vera svona?

Stundum finnst mér eins og þjóðin skiptist í tvennt (þó að ég sé ekki viss með hlutföllin). Þá sem styðja einkarekstur og þá sem eru á móti honum. Það má færa rök fyrir hvoru tveggja og einkavæðing á klárlega ekki alltaf við. En stundum gerist það að stofnanir virðast nánast standa upp á stól og öskra: EINKAVÆÐIÐ MIG!

Við höfum fengið tvö dæmi um það síðustu vikur. Annars vegar er risavaxin auglýsingaherferð fyrir Vínbúðina um að fólk eigi að sýna skilríki. Ég verð að viðurkenna að ég botna ekkert í þessu. Ef minnsti vafi leikur á því að viðskiptavinurinn hafi aldur til að kaupa áfengi, er þá ekki bara glimrandi hugmynd að spyrja viðkomandi hvort hann sé með skilríki? Ég myndi halda að það væri svona augljósa í stöðunni.

Ég myndi jafnvel ganga svo langt að segja að það væri óþarfi að auglýsa það sérstaklega. Sennilega nægir að setja skilti í vínbúðina með áréttingu um aldurstakmark. Og kannski miða fyrir framan afgreiðslumanninn með sömu skilaboðum ef það er hann sem klikkar svona rosalega á þessu að það þarf að fara í sérstaka herferð.

Er annars einhver í heiminum sem veit ekki að það er góð hugmynd að taka með sér skilríki í vínbúð? Þá sjaldan ég lyfti mér upp í útlöndum og fer í vínbúð er ég yfirleitt spurður um skilríki og geng út hress í bragði yfir því að vera svona fáránlega unglegur.

Gæti það verið að hér sé hið kunnuglega vandamál að hér sé verið að sýsla með annarra manna peninga?

### Svona viljum við hafa það

Þetta toppar næstum því Orkuveituauglýsinguna um árið. Hún kostaði skrilljónir og tilgangurinn virtist helst vera sá að leyfa einhverjum leikstjóra að fá útrás fyrir dans- og söngleikjablæti þar sem inntakið var: Svona viljum við hafa það. Öh … nei. Ég skildi ekkert, enda var ekki eins og fólk gæti hætt að skipta við öll hin orkufyrirtækin í Reykjavík. Þetta er í alvöru eins og ríkisstjórnin myndi fara í auglýsingaherferð fyrir andrúmsloft. Og hvað það sé frábær hugmynd að anda því að sér.

Svo er það Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Hvar, annars staðar en í Sovétríkjunum sálugu, getur það talist eðlilegt að vera hálfan dag að sækja um vegabréf? Að það sé bara eðlilegur gangur lífsins að þurfa að taka sér frí úr vinnu á nokkurra ára fresti svo maður komist til útlanda? Og jafnvel þótt einhverjum, einhvers staðar í heiminum gæti tekist að veita verri þjónustu er algjör óþarfi að keppa við það hér.

En þessi hálfi dagur er bara byrjunin. Þegar maður er búinn að bíða hjá sýslumanni getur tekið við þrettán daga bið. Altso í þrettán virka daga, sem þýðir að ef maður sækir um föstudaginn 3. ágúst, gæti vegabréfið komið 22. ágúst. Sem eru 19 dagar. Nítján.

### Eigum við að reyna eitthvað annað?

Til að tryggja að allir haldi nú góða skapinu þá finnst sýslumanni það frábær hugmynd að skella í lás klukkan 15. Það er greinilega algjör óþarfi að hafa opið lengur fyrst þetta gengur svona ljómandi vel. Meira að segja Tollstjórinn, sem lengi var óvinsælasta stofnun landsins, heldur opnu hálftíma lengur.

Og bara til að hressa þessa fúlustu við þá getur Sýslumaðurinn engan veginn tekið við kreditkortum. Bara alls ekki. Sem er alveg óskiljanlegt því það eru allar líkur á því að við séum búin að borga kortareikninginn þegar við loks fáum vegabréfið í hendur.

Nú veit ég ekki hvernig á því stendur að ríkisvaldið vill hafa þetta svona. Að til séu stofnanir sem telja sig þurfa að tala við starfsfólk sitt í gegnum auglýsingaherferðir eða veita þjónustu með því að halda okkur hjá sér hálfan dag og dunda sér svo verulegan hluta úr mánuði við að búa til skilríki sem við megum ekki borga með kreditkorti af því að við gætum bara stungið af frá reikningnum í helgarferðinni í Köben. En það sem mér finnst þetta segja er einfaldlega: „Getur ekki einhver annar tekið við þessu?“

ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

VOLVO PENTA

**Öflug Volvo Penta þjónusta**
Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt.
Komdu í dag og ræddu við ráðgjafa.

**Kauptu bestu varahlutina**
Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.



**HAFÐU SAMBAND Í DAG**
- Sími: 515 7067 | 869 7537 Guðmundur Gísli
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Heimasíða: volvopenta.is

brimborg

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# SKÓLATÖSKU DAGAR

## 22.-31. JÚLÍ

# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM

JEVA Beckmann og PULSE í miklu úrvali

Allar Jevatöskur hafa góðan bakstuðning og þeim fylgir:

- Vatnsbrúsi
- Nestisbox
- Íþróttapoki



Verðdæmi 13.499 fullt verð 17.999



Verðdæmi 13.499 fullt verð 17.999



Verðdæmi 13.124 fullt verð 17.499

Verðdæmi 2.549 fullt verð 3.399

Tölvutaska

Verðdæmi 4.874 fullt verð 6.499



Verðdæmi 6.599 fullt verð 8.799

Verðdæmi 9.374 fullt verð 12.499

Tvær töskur í einni

Verðdæmi 11.774 fullt verð 15.699

Allt úrval fæst í Smáralind, Garðabæ og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

## TWIST
2,5 sæta sófi.
Orange, ljósblar
og grár. Viðarfætur.
Stærð: 157 x 92 x 95 cm



**40%** AFSLÁTTUR

**53.994 kr.** ~~89.990 kr.~~

## KAMMA
Þriggja sæta sófi með
viðarfótum. Ljósgrátt
slitsterkt áklæði.
Stærð: 201 x 84 x :105 cm



**30%** AFSLÁTTUR

**97.993 kr.** ~~139.990 kr.~~



## CLEVELAND
Þriggja sæta sófi, ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**25%** AFSLÁTTUR

3ja sæta: 208 x 86 x 81 cm
**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~

2ja sæta: 180 x 86 x 81 cm
**59.993 kr.** ~~79.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## MINEOLA
Tveggja og þriggja sæta sófar. Grár, gráblár eða ljós.

3ja sæta: 195 x 88 x 84 cm
**76.993 kr.** ~~109.990 kr.~~

2ja sæta: 165 x 88 x 84 cm
**69.993 kr.** ~~99.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

## IBIZA
Eldhúsborð, hvítt.
Stærð: Þ: 110 cm H: 74 cm hvítt

**29.993 kr.** ~~39.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

## MARCUS
Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

**4.794 kr.** ~~7.990 kr.~~



**45%** AFSLÁTTUR

## JOLENE
Borðstofustóll.
Svart PU-leður og krómfætur.

**7.695 kr.** ~~13.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

## ALISON
Borðstofustóll. Ljós- eða dökkgrátt
slitsterkt áklæði og krómgrind.

**8.993 kr.** ~~11.990 kr.~~



**ALLIR PÚÐAR
MKIÐ ÚRVAL**

**50%** AFSLÁTTUR

**ÖLL SMÁVARA
FRÁ VIDIVI**

**30%** AFSLÁTTUR






**ATELIER MATARSTELL
FRÁ AIDA**

**50%** AFSLÁTTUR

**ÖLL SMÁVARA
FRÁ IVV**

**30%** AFSLÁTTUR




**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# SUMARÚTSALAN
## Allt að 60% afsláttur




Þú finnur nýja útsölu-bæklinginn okkar á www.husgagnahollin.is

**30%**
**AFSLÁTTUR**

LA-Z-BOY®

**SHELDON**
La-Z-Boy hægindastóll úr ljósgráu, dökkrauðu eða grænu slitsterku áklæði.
Stærð: 100 × 93 × 107 cm

**83.993 kr.** ~~119.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

**CAZAR**
Skemmitlegur hægindastóll.
Koníaksbrúnt eða svart PU-leður.

**13.993 kr.** ~~19.990 kr.~~



**50%** AFSLÁTTUR

**NORA**
Svart PU leður.

**19.995 kr.** ~~39.980 kr.~~

LA-Z-BOY® *Live life comfortably.*

**STANLEY**
La-Z-Boy hægindastóll úr svörtu, hvítu, brúnu eða vínrauðu leðri.
Stærð: 81 × 94 × 103 cm

**30%** AFSLÁTTUR



**111.993 kr.** ~~159.990 kr.~~

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT



Landsliðskonurnar Fanndís Friðriksdóttir og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir sjá hér eitthvað sniðugt á æfingu íslenska landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/TOM

# Stefnt að bestu vörninni á EM

**Íslenska kvennalandsliðið mætir Sviss í öðrum leik liðsins á EM 2017 á morgun. Stelpunum hefur ekki tekist að skora í síðustu fjórum leikjum en það verður helst að breytast á morgun. Markmiðið var að vera með bestu vörnina á mótinu, sagði landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson á blaðamannafundi í gær.**




Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is


**FÓTBOLTI** „Staðan á hópnum er eins góð og kostur er á. Það eru allir leikmenn heilir heilsu. Engin veikindi hafa komið upp og verða ekki,“ sagði Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari og barði þrisvar í borðið (sjö, níu, þrettán) á blaðamannafundi íslenska liðsins í gær þar sem hann sat fyrir svörum ásamt miðvörðunum Glódísi Perlu Viggósdóttur og Sif Atladóttur, besta leikmanni íslenska liðsins í síðasta leik á móti Frakklandi.

Mótherjar dagsins eru svissnesku stelpurnar sem hafa reynst okkar stelpum erfiðar í síðustu leikjum Liðin mættust einu sinni á ári frá 2013-2015 og vann Sviss alla þrjá leikina með markatölunni, 7-0. Fyrsti leikur Íslands undir stjórn Freys Alexanderssonar var einmitt á móti Sviss árið 2013. Það var dapur leikur hjá íslenska liðinu en það er komið langað leið síðan þá.

„Það er ýmislegt búið að gerast síðan í þessum athyglisverða fyrsta leik mínum með landsliðinu þar sem ég upplifði ýmislegt. Það var ýmislegt sem ég rakst á sem var gott mál. Við spiluðum illa og áttum ekkert skilið úr leiknum. Við erum bara á allt, allt, allt öðrum stað í dag,“ sagði Freyr og bætti við:

„Óháð öllum hinum leikjunum sem við höfum spilað við þær og farið illa út úr er þetta nýr dagur, nýr leikur á allt öðrum stað.“



Sif Atladóttir og Hallbera Gísladóttir á leið á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/TOM

Stelpurnar okkar skoruðu ekki í fyrsta leiknum á EM á móti Frakklandi. Það var ekkert nýtt miðað við það sem hefur verið í gangi hjá liðinu að undanförnu en það hefur ekki skorað í síðustu fjórum leikjum. Markmiðið var aldrei að raða inn mörkunum í Hollandi, sagði landsliðsþjálfarinn.

### Engin mörk – ekkert vandamál

„Við komum hingað með nokkur markmið sem voru einföld og skýr. Eitt af því var að vera með besta varnarliðið í mótinu. Við lögðum höfuðáherslu á það að spila sterkan varnarleik. Það ákváðum við út frá styrkleikum hópsins okkar og hvernig mótið er og hvaða þjóðir eru hérna og hvað þarf til að ná árangri,“ sagði Freyr sem er á því að markastíflan bresti á morgun.

„Ég trúi því að ef við höldum hreinu á morgun þá vinnum við. Það þýðir að við skorum. Eitt stig heldur örlögunum í okkar eigin höndum. Við ætlum okkur samt sem áður sigur.“

Íslenska liðið lenti í miklum áföllum í aðdraganda mótsins en eitt af því var að missa markahrókinn Hörpu Þorsteinsdóttur út vegna barnsburðar. Markaskorun hefur gengið brösulega síðan þá en Freyr minnti á hvernig þetta var í síðustu undankeppni.

„Þið megið tala um áhyggjur og það má gagnrýna þetta eins og þið viljið en ég minni á það að við skoruðum mest allra í undankeppninni í okkar riðli og þriðja mest af öllum og áttum markahæsta leikmann í undankeppni EM. Það hefur því ekki verið vandamál hjá okkur en við sem sitjum hér inni vitum alveg hvað er búið að ganga á síðustu átta mánuði hjá okkur,“ sagði Freyr.

### Stoppa Sviss

Glódís Perla Viggósdóttir hefur mætt Sviss áður og veit hvers svissnesku stelpurnar eru megnugar í sóknarleiknum. Hún hefur samt engar áhyggjur af morgundeginum eftir frammistöðuna á móti Frakklandi.

„Þetta eru ekki þannig lagað hættulegri einstaklingar. Þetta eru ekki einstaklingar sem við þurfum að hræðast ef við spilum sama varnarleik og við gerðum á móti Frökkum. Ef við erum allar á tánum og allar saman í þessu þá munum við stoppa þessa einstaklinga,“ sagði Glódís Perla og Sif Atladóttir hefur engar áhyggjur af slæmum minningum frá Tjarnarhæðinni þar sem Ísland tapaði 4-0 fyrir Hollandi í vináttuleik í apríl.

„Það eru allir brjálæðislega peppaðir fyrir þennan leik. Við vildum koma hingað aftur. Við þekkjum völlinn vel þannig það eru bara allir spenntir fyrir leiknum. Grasið er grænt og sólin skín og Íslendingar á svæðinu þannig að þetta verður ekki betra,“ sagði Sif Atladóttir.

**Síðust til að skora í landsleik á móti Sviss var Kristín Anna Arnþórsdóttir 23. ágúst 1986. Síðan hefur íslenska liðið ekki skorað í 342 mínútur á móti Sviss. Markatalan í síðustu þremur leikjum þjóðanna er -7 (0-7).**

**Grasið er grænt og sólin skín og Íslendingar á svæðinu þannig að þetta verður ekki betra.**

Sif Atladóttir

## EM 2017

### Grjótharðar og flottar

Íslenska kvennalandsliðið er með kenninöfnin á baki búninga sína á EM en ekki fornöfnin. Glódís Perla Viggósdóttir og Sif Atladóttir útskýrðu á fundi með blaðamönnum í gær að þetta hefði verið rætt fyrir mót og atkvæðagreiðsla farið fram. „Síðustu tvær keppnir hafa verið með fornafninu en við kusum um þetta og ákváðum að vera með eftirnöfnin núna þar sem við erum sameinaðar undir „dóttir“,“ sagði Sif. „Þetta kemur upprunalega úr CrossFit-heiminum þar sem stelpurnar okkar þar fengu þetta nafn á sig,“ sagði Glódís og bætti við: „Þetta stendur fyrir að vera grjótharðar og ógeðslega flottar.“



**EM 2017 í Hollandi**

**B-riðill**

**Svíþjóð - Rússland 2-0**
1-0 Schelin (22.), 2-0 Blackstenius (51.).

**Þýskaland - Ítalía 2-1**
1-0 Josephine Henning (19.), 1-1 Ilaria Mauro (29.), 2-1 Babett Peter, víti (67.)

**Staðan í B-riðlinum:** Svíþjóð 4, Þýskaland 4, Rússland 3, Ítalía 0.

### Í dag er spilað í C-riðli

**16.00 Ísland - Sviss Doetinchem**
**18.45 Frakkl.- Austurríki Utrecht**

### SEX JAFNIR OG NÝTT MÓTSMET

Gríðarleg spenna er í karlaflokki þegar Íslandsmótið í golfi á Hvaleyrarvelli er hálfnað. Sex kylfingar eru jafnir á fimm höggum undir pari. Axel Bóasson úr Keili lék frábærlega á 68 höggum eða -3 en hann er á -5 samtals eins og þeir Ólafur Björn Loftsson úr GKG, Andri Þór Björnsson úr GR, Fannar Ingi Steingrímsson úr GHG, Egill Ragnar Gunnarsson úr GKG og Guðmundur Ágúst Kristjánsson úr GR. Guðrún Brá Björgvinsdóttir úr Keili lék frábært golf í gær þegar hún kom inn á -4 eða 67 höggum sem er nýtt vallarmet. Guðrún Brá er með tveggja högga forskot á Valdísi Þóru Jónsdóttur úr Leyni og Ragnhildi Kristinsdóttur úr GR.

## Um helgina

| | | | |
|---|---|---|---|
| L | 14.00 | FH - ÍA | Kaplakriki |
| S | 17.00 | KA - Breiðablik | Akureyrarv. |
| S | 17.00 | Fjölnir - ÍBV | Fjölnisvöllur |
| S | 19.15 | Víkingur R. - KR | Víkingsv. |
| S | 20.00 | Stjarnan - Grindav. | Garðab. |
| L | 09.00 | Opna breska | Golfstöð |
| L | 09.30 | Bayern - AC Milan | Sport 2 |
| L | 09.50 | C. Palace - WBA | Sport |
| L | 12.20 | Liverpool - Leicester | Sport |
| L | 13.50 | FH - ÍA | Sport 2 |
| L | 22.00 | Juventus-Barcelona | Sport |
| L | 00.00 | PSG - Tottenham | Sport |
| L | 00.00 | UFC Fight Night | Sport 2 |
| S | 08.00 | Opna breska | Golfstöð |
| S | 16.50 | KA - Breiðablik | Sport |
| S | 19.45 | Stjarnan - Grindav. | Sport |
| S | 21.00 | Real M. - Man. Utd. | Sport 2 |



VIÐ ERUM 5 ÁRA
AFMÆLISTILBOÐ
50%
AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR
ALLAN JÚLÍ
OPIÐ
24
TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI,
ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ.
*Tilboð gilda í öllum Iceland verslunum í júlí



Magga Stína ætlar að halda uppi stuðinu fyrir utan Kaffi Vest ásamt systur sinni, Elsu Maríu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Selur kjólana sína og plötusafnið

Tónlistarkonan hressa **Margrét Kristín Blöndal**, betur þekkt sem Magga Stína, er að fara að skipta um gír og flytja til San Francisco til að fara í nám. Hún ætlar af því tilefni að selja eigur sínar fyrir utan Kaffi Vest í dag, laugardag.

Við verðum þarna, ég og systir mín, Elsa María Blöndal sem er jú, talin ein af best og svalast klæddu verum landsins," segir Magga Stína. „Eins og alltaf verður mikið um huggulegheit inni á Kaffi Vest, fólk getur fengið sér heitt kakó, bröns, mímósur og möndlukökur og annað skemmtilegt.

Við Elsa verðum svo fyrir utan og seljum þar alla kjóla og klæði sem safnast hafa í sarpinn hjá okkur í tímans rás. Og já, hreinlega allt sem við eigum til í okkar fórum. Svo leikum við skemmtilega tónlist af geisladiskum, einnig úr okkar eigu, sem allir verða til sölu."

Magga Stína er þekkt fyrir líflegan klæðaburð og Elsa María er fatahönnuður, það er því ljóst að einhverjar gersemar munu leynast á markaði þeirra systra. „Þarna verða til að mynda margir magnaðir rokk og ról-kjólar sem ég hef komið fram í á undanförnum árum."

Magga Stína mælir svo með að tónlistaráhugafólk hafi augun opin fyrir spennandi geisladiskum. „Nú sel ég plötusafnið mitt, eða svona 98 prósent þess. Og ég get sagt þér það að þegar ég fór að fara í gegnum þetta allt, þá fékk ég létt á tilfinninguna að ég væri viti mínu fjær, því magnið var þvílíkt. En svo áttaði ég mig auðvitað á því að ekkert er heilbrigðara en að eyða peningunum sínum í góða tónlist og nú mun tónlistin af þessum diskum og vínylplötum gleðja hug og hjörtu annarra," segir Magga Stína og hlær. „Svo verða líka til sölu æðisleg póstkort, ég er nefnilega póstkortasafnari í laumi, gæti haldið póstkortasýningu sem næði hringinn í kringum hnöttinn."

Spurð út í hvort henni þyki ekki erfitt að selja kjólana sína og dýrmætt geisladiskasafn sem hún hefur safnað í gegnum tíðina segir Magga: „Jú, það er erfitt en bara í fimm mínútur því það er líka rosalega frelsandi. Að losna undan eignaþunganum og halda léttleikandi með andann einan að vopni á vit nýrra ævintýra."

> JÚ, ÞAÐ ER ERFITT EN BARA Í FIMM MÍNÚTUR ÞVÍ ÞAÐ ER LÍKA ROSALEGA FRELSANDI.

Aðspurð hvað bíði hennar í San Francisco segir Magga Stína: „Ég er að fara í framhaldsnám í tónsmíðum.

Magga Stína hvetur fólk til að mæta á markað þeirra systra, hún lofar miklu fjöri. „Við ætlum að gera okkur glaðan dag og reyna að galdra fram sólina með öllum tiltækum ráðum. Þetta verður útihátíð eins og þær gerast allra bestar," segir Magga Stína um markaðinn sem hefst klukkan 11.30. **gudnyhronn@365.is**

## Hvað á að gera um helgina?

### SKOÐAÐU



Ragnar Kjartansson heldur fyrstu safnsýningu sína á heimavelli í Hafnarhúsinu eftir sigurför á erlendri grund á undanförnum árum. Sýningin ber titilinn Guð, hvað mér líður illa og endurspeglar óð Ragnars til listarinnar í allri sinni dýrð, til tónlistar, leikhúss, kvikmynda, bókmennta og – að sjálfsögðu – myndlistar. Hylling listamannsins birtist í völdum verkum, frá árinu 2004 til dagsins í dag.

### LESTU

Litla bakaríið við Strandgötu eftir Jenny Colgan er hugljúf ástarsaga um líf Pollyar Waterford. Fyrirtæki hennar er gjaldþrota, fína íbúðin horfin undir hamarinn og kærastinn fluttur heim til mömmu. Sárblönk neyðist Polly til að flytja í hrörlegt hús í litlu sjávarþorpi í Cornwall. Til að gleyma sorgum sínum hellir hún sér út í það sem veitir henni mesta ánægju í lífinu: að baka brauð. Litla bakaríið við Strandgötu er alþjóðleg metsölubók sem hefur komið út í 15 löndum.




### HLÆÐU

Ari Eldjárn hefur fengið einn fremsta uppistandara Finnlands, Ismo Leikola, til liðs við sig og munu þeir setja saman sannkallaða grínveislu í Tjarnarbíói. Sýningin er öll á ensku og uppselt er á sýningu þeirra á laugardaginn en aukasýningu hefur verið bætt við og verður hún á sunnudaginn í Tjarnarbíói klukkan 20.00



# DORMA

Láttu drauminn rætast

Holtagörðum
Smáratorgi
Akureyri
Ísafirði

## Síðustu dagar



# Sumar útsala

ALLT AÐ **60%** AFSLÁTTUR

## AUKARÚM

Tvöfaldur fjölda gorma miðað við mörg sambærileg rúm.
Dýnan er með liðamótum,
en ekki með broti.

**Fullt verð: 59.900 kr.**



ÚTSALA **30%** AFSLÁTTUR

Aðeins **41.930 kr.**

## NATURE'S SUPREME
heilsurúm m/Cassic botni



Nature's Bedding

Nature's SUPREME
160 x 200 cm

**Fullt verð: 134.900 kr.**

Aðeins **94.430 kr.**

Nature's SUPREME
180 x 200 cm

**Fullt verð: 149.900 kr.**

ÚTSALA **30%** AFSLÁTTUR af 160 x 200 og 180 x 200 cm

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Aðeins **104.930 kr.**



ÚTSALA **25%** AFSLÁTTUR

## MEGA
hornsófi – opið horn

Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægra eða vinstra horn.
Stærð: 297 x 241 x 88 cm.

**Fullt verð: 219.900 kr.**

Aðeins **164.925 kr.**



## DALLAS
hægindastóll

Vandaður hægindastóll. Sveif til að lyfta upp fótaskemli er á hlið stólsins. Leður á slitflötum. Svartur, grár, dökkbrúnn og rauðbrúnn.
Stærð: 82 x 96 x 103 cm

**Fullt verð 99.900**

ÚTSALA **20%** AFSLÁTTUR

Aðeins **79.920 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

# DORMA

Láttu drauminn rætast

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*



Gunnar Helgason á góðri stundu með strákunum sem leika í Víti í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Leiðin fram á við er að setja börnin alltaf í öndvegi

**Gunnar Helgason**, barnabókahöfundur og leikari, hefur framleitt efni fyrir börn í áraraðir og hann er með sterkar skoðanir á málefnum barna hvort sem varðar listir eða önnur mál. Gunnar segir að við eigum að hafa hátt börnum til varnar og samfélaginu til góðs.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Ég vonaði það. Átti kannski ekki von á því en vonaðist eftir því sem er alls ekki sami hluturinn," segir Gunnar Helgason um velgengni barnabókanna sinna en um þessar mundir standa yfir tökur á kvikmynd eftir Víti í Vestmannaeyjum í leikstjórn Braga Þórs Hinrikssonar en framleiðandi er Saga Film. „Ég byrjaði á því að skrifa Gogga og Grjóna sem kom út 1992 og svo koma tvær bækur í kjölfarið áður en ég fór til útlanda að vinna. Var mikið í því í nokkur ár en fór svo að vinna í Latabæ hérna heima og þá sá ég þungann í þessu. Sá þá í fyrsta skipti fjöldann allan af fólki sem tók barnaefni alvarlega. Þarna var ekki litið niður á barnaefni. Það var enginn að spyrja, hvenær ætlarðu að hætta í Stundinni okkar? Heldur var spurningin: Hvenær ætlarðu að koma með næstu barnabók? Ætlarðu ekki að byrja að skrifa aftur? Þarna var barnaefni alvarlegt mál, alvöru bransi og mér leið vel í þessum bransa. Það var engin tilviljun að ég fór í Stundina okkar, tuttugu og fimm ára, á þeim aldri þegar allir leikarar á Íslandi vilja verða kyntákn. Fólki fannst þetta algjör brandari að ég væri að fara í þetta og það smitaðist auðvitað á okkur Felix sem vildum fyrir vikið gjarnan gera eitthvað annað í lífinu en að vera barnastjörnur. En á síðustu sex til sjö árum hefur viðhorfið breyst og maður áttað sig á því að þetta er flottur, alvöru bransi. Núnar er ég að gera bíómynd með frábæru og flinku fólki og allir krakkar eru að spyrja mig hvenær hún komi í bíó og svona til að svara þeim þá er það um næstu páska og ég hlakka geðveikt mikið til."

## Fyrir strákana mína

Gunnar segir að þegar hann hafi byrjað skrifa fótboltabækurnar hafi þetta allt breyst. „Fyrsta bókin í þeim flokki hitti strax beint í mark, hitti lesandann, gekk mjög vel. Þær fjalla um ákveðinn raunveruleika og forsendan var að mig langaði til þess að skrifa fyrir stráka, einfaldlega vegna þess að mér fannst vanta bækur fyrir strákana mína en ég á enga stelpu. Þeir nenntu ekkert að lesa, fannst ekkert nógu skemmtilegt og spennandi og ég var alltaf að spyrja þá að því hvað þeir vildu lesa. Mér fannst þetta alveg hrikalegt, eldri strákurinn minn hætti að lesa ellefu ára, og ég vildi skrifa eitthvað til þess að ná til þeirra. Það eina sem ég fékk út úr þeim var að þeir vildu lesa eitthvað um fótbolta og einu bækurnar sem ég mundi eftir voru Hæðargarðsbækurnar sem ég las, komu út þrjár í sex bóka seríu, ég er enn þá með ör á sálinni, að vita ekki hvernig þetta endaði," segir Gunnar og skellihlær sínum ráma og smitandi hlátri. „Þessi bókaflokkur gerist í Svíþjóð árið nítján hundruð fimmtíu og eitthvað og aðalgæjarnir brunuðu um á skellinöðrum og fengu sér kók og sígó á æfingu og jafnvel léttöl á eftir. Ekki alveg málið.

Þannig að ég varð bara að skrifa þetta sjálfur og þetta hitti í mark. Svo kom bara í ljós að það var fullt af stelpum líka að lesa þessar bækur og þá var varð ég að bregðast við því og skrifaði Rósu inn í Aukaspyrnu á Akureyri og hef gefið henni sífellt meira vægi síðan þá. Í rauninni finnst mér ég skulda stelpum að skrifa fótboltabók fyrir þær sem gerist á Símamótinu eða Siglufirði. Ég var bara búinn að ákveða að þetta væri komið gott af fótboltabókum en ef myndin gengur vel og svona þá er aldrei að vita, það væri gaman að gera eitthvað fyrir stelpurnar, því þetta markmið að skrifa fyrir stráka er að baki. Núna er ég að skrifa fyrir bæði stráka og stelpur en það er allt inni í myndinni því höfundurinn er lifandi," segir Gunnar og glottir prakkaralega.

> HVÍTBÓKIN KOM ÚT Í FYRRA ÁN ÞESS AÐ ÞAR SÉ MINNST EINU ORÐI Á BARNABÆKUR. Í LESTRARÁTAKI MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS ER EKKI MINNST Á ÞETTA. EN NÚNA HELD ÉG AÐ ÞAÐ SÉ AÐ VERÐA HUGARFARSBREYTING.

## Aldrei verið stelpa

Starf rithöfundarins er oft talið afar einmanalegt, jafnvel svo að það reynist sumum um megn, en Gunnar segir að hann hafi sínar aðferðir við að halda sönsum í þessu. „Í fyrsta lagi þá er ákaflega mikill krakki í mér en auðvitað er ég líka orðinn gamall kall. Ég man þó æskuna ákaflega vel og þá ekki síst ákveðnar tilfinningar. Mér fannst fullorðnir oft vera ákaflega ósanngjarnir og sagði oft við sjálfan mig: Þegar ég er orðinn stór þá ætla ég að muna þetta. Muna hvernig mér leið og vera ekki ósanngjarn þegar ég verð stór," segir Gunnar og leikur pirrað, stórt barn með tilþrifum. „Þessi andartök sem ég ætlaði mér að muna virðast hafa fest í minninu. Svo er ég auðvitað tvíburi, þannig að ég er með sjónminni líka yfir atburði sem voru að gerast fyrir framan mig, og ég veit ekki hvort það var ég eða Ási því við lítum alveg eins út. Þannig að þá þurfum við að spyrja mömmu hver gerði hvað, en hún man það ekkert. Nína systir man þetta og er með þetta allt á hreinu."

Varðandi ritstörfin segir Gunnar að mikilvægur hluti af ferlinu hjá honum sé að hann taki aragrúa viðtala. „Í undirbúningnum að hverri bók þá tek ég eins mikið af viðtölum og ég get og það hjálpar alveg rosalega. Ég tek viðtöl við börn og fólk sem hefur verið í aðstæðum á barnsaldri sem eru sambærilegar við það sem ég er að skrifa um og þetta hjálpar mér óendanlega mikið. Þetta er eins og vítamín fyrir mig sem höfund. Núna fyrir Ömmu best, sem kemur út í október, þá hitti ég stelpu á Júróvisjónkvöldinu í Laugardalshöll. Hún heitir Guðrún Nanna, er í hjólastól og algjör gella. Ég var að leikstýra þessu kvöldi, sé að henni er hleypt inn á undan, er í smá pásu sem ég nýtti til þess að fara til hennar og kynna mig og biðja hana um að hitta mig fljótlega. Hún var til í það og hún og kærastinn sögðu mér svo ofboðslega mikið sem nýttist mér svo vel við bókina, eitthvað sem ég hefði aldrei áttað mig á sjálfur því ég hef aldrei verið í hjólastól og ég hef aldrei verið stelpa."

## Þurfum að skrifa fokking …

Talið berst að mikilvægi barnabóka fyrir samfélagið og Gunnar segir okkur þurfa að spyrja mikilvægra spurninga og þora að svara þeim. „Þurfum við að gera eitthvað fyrir íslenskuna? Þurfum við að gera eitthvað fyrir menntum og læsi? Þurfum við öll að kunna að lesa? Það er talað mikið um læsi og í hverri einustu viku frá áramótum hefur einhver stjórnmálamaður komið fram og talað um vanda íslenskunnar og læsis en enginn þeirra hefur sagt eitt einasta orð um barnabækur.

Hvernig aukum við læsi hjá börnum? Með því að láta þau hafa eitthvað skemmtilegt að lesa. Það er ekkert flóknara en það. En enginn barnabókahöfundur, kannski tveir í besta falli, geta lifað af því að skrifa barnabækur á Íslandi. En þá þurfa viðkomandi að sætta sig við að vera láglaunamenn og ég sætti mig ekki við það þannig að ég vinn með þessu." Nú er Gunnari greinilega orðið mikið niðri fyrir. „Hvítbókin kom út í fyrra án þess að þar sé minnst einu orði á barnabækur. Í lestrarátaki menntamálaráðuneytisins er ekki minnst á þetta. En núna held ég að það sé að verða hugarfarsbreyting. Í vetur endurlífguðum við samtök ungmenna- og barnabókahöfunda þar sem ég bauð mig fram sem formann, hlaut kosningu og sit með frábærri stjórn. Við erum að undirbúa málþing um læsi, menntun og þá staðreynd að barnabókin er undirstaða menntunar í þessu landi. Margrét Tryggvadóttir er búin að rannsaka mikið stöðu og mikilvægi barnabóka og málþingið sem verður haldið þann 4. október verður tileinkað þessu. Bókmenntaborgin ætlar að koma að þessu með okkur og við erum búin að fara á fund með Menntamálastofnum og þar er opnun því þau ætla að endurhugsa allt sitt efni varðandi læsi alveg frá grunni. Menntamálaráðherra ætlar að koma og vonandi getum við endað þetta málþing með því að taka einhverjar ákvarðanir, það er svona okkar draumur í stjórninni. Ákvarðanir á borð við þá að barnabækur sem koma út á Íslandi séu keyptar inn á bókasöfnin. Í Noregi er það t.d. þannig að þeir líta á norskuna sem örtungumál sem sé í vörn og þess vegna kaupa þeir 1.500 eintök af hverri einustu barnabók sem er ekki drasl. Að auki fá barnabókahöfundar alltaf rithöfundalaun. Hér hefur ➡

# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI















GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is



Gunnar hefur það skemmtilega hlutverk við tökur á kvikmyndinni að stjórna fótboltaatriðunum enda frábær í fótbolta eins og hann segir sjálfur með bros á vör FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

það verið að breytast svona á síðustu þremur árum að barnabókahöfundar fái rithöfundalaun en mér finnst að það eigi að stækka sjóðinn og eyrnamerkja hluta alfarið til barnabókahöfunda. Einfaldlega vegna þess að við þurfum að skrifa fokking barnabækur – afsakið orðbragðið,“ segir Gunnar og er mikið niðri fyrir.

**Öll dýrin í skóginum**

„Fyrir mig að koma inn í þetta gamals aldri eftir að vera búinn að leikstýra úti um allan heim, leika í Hollywood-kvikmynd og ég veit ekki hvað og hvað og sjá hvernig þetta er úti í hinum stóra heimi þá fer í taugarnar á mér að upplifa að barnaefni sé afgreitt sem annars flokks, vegna þess að það er ekki þannig í leikhúsinu. Þú gerir barnasýningu í leikhúsinu og það koma allir gagnrýnendur vegna þess að þetta er menningarviðburður og það þarf að fjalla um hann sem slíkan. En barnabækur ... þá eru fjölmiðlar mjög tregir í taumi en svona helst að Rás 1 og Mogginn sinni þessu. En nú er þetta nýkomið inn í Íslensku bókmenntaverðlaunin, búið að vera í fjögur ár minnir mig, og þá þurfa allir að fylgja með, því að þetta er alvöru efni.

Ég hef stundum vísað til þess þegar Astrid Lindgren var að byrja að skrifa sínar bækur og hvað hefði okkur fundist um það ef það hefði ekki verið fjallað um þær? Við myndum hlæja að Svíum ef það hefði verið tilfellið en þannig er það ekki. Við hlæjum að gagnrýni sem sagði að Lína Langsokkur væri andfélagslegt, stórhættuleg efni fyrir börn en það var þó allavega gert og þetta komst í umræðuna. En hérna eru barnabókahöfundar sem hafa aldrei fengið gagnrýni eða umfjöllun um listaverkið.“

Gunnar segir að við þurfum að vera margfalt meðvitaðri um áhrif og mikilvægi barnabóka. „Það má jafnvel velta því fyrir sér hvort barnabókmenntir, tökum Astrid Lindgren sem dæmi, hafi áhrif á að móta siðferðislegan þroska þjóðar. Allt barnaefni hefur varanleg áhrif á okkur með margþættum hætti, jafnvel langt umfram það að styrkja tungumálið og meðferð okkar á því. Ég var t.d. að leikstýra í Svíþjóð fyrir nokkrum árum og þá kynntist ég konu sem á sínum tíma lék aðalstelpuna í sjónvarpsþáttunum Á Saltkráku sem voru gerðir eftir bókum Lindgren. Hún sagði mér að enn þann dag í dag, mörgum áratugum síðar, væri hún að hitta fólk sem segði henni að þetta hefði breytt lífi þess. Þannig að svona stórir höfundar sem eru hluti af umræðunni og verða hluti af hefðinni hafa gríðarleg áhrif. Ég meina allir Íslendingar þekkja setninguna: Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir. Öll vitum við hvaðan þetta kemur og öll erum við sammála um þetta í grunninn þó að við förum kannski ekki eftir því. En við ætlum okkur að vera það og við vitum að það er satt og rétt vegna þess að Torbjörn Egner sagði það.“

**Mér var bjargað**

Samfélag leikara sem vinna saman er oft afar náið og eðli starfa listamanna er oft að takast á við það sem betur má fara í samfélaginu, vera samviska þess. Á undanförnum vikum hafa margir úr stétt leikara tekið undir með Bergi Þór Ingólfssyni leikara í baráttu hans fyrir dóttur sína vegna uppreistar æru Roberts Downey, kynferðisbrotamanns. Gunnar segir að Bergur Þór hafi verið að leika í myndinni hjá þeim í Vestmannaeyjum þegar þessir hlutir voru að gerast. „Bergur var þarna hjá okkur með tárin í augunum þegar þetta var að gerast. Það er ekki hægt að láta þetta ekki hafa áhrif á sig. Þetta er svo skelfilegt.“ En hver er þín afstaða í svona málum? „Fyrir mér er þetta einfalt. Þetta snýst ekki um Robert Downey eða Jón Steinar Gunnlaugsson. Þetta snýst um börnin. Þetta snýst alltaf um barnið. Vegna þess að barnið er alltaf veikari aðilinn í samskiptum barns og fullorðins. Þarna er maður, alveg sama hvað hann heitir, sem er búinn að misnota börn og ef þú gerir slíkt þá ert þú ekki lengur með.

Ég þekki alveg menn sem hafa brotið af sér og hafa þurft að sitja inni en það er allt öðruvísi því þeir eru ekki að níðast á börnum. Þeir eru kannski að níðast á samborgurum sínum á einhvern óskilgreindan hátt en ég tek afstöðu með börnunum, alltaf og án undantekninga og þannig ætti það að vera í samfélaginu. Allt þetta tal um fyrirgefningu sem Jón Steinar er eitthvað að tjá sig um er ekki málið. Ég hef fylgst með hvernig Þórdís Elva hefur tekið á sínum málum, hef horft á TED-fyrirlesturinn og lesið allt sem hún segir og það er ofvaxið mínum skilningi hvernig hún hefur komist í gegnum þetta. Ég skil ekki svona stórar manneskjur. Að fólk sé að rífast við hana um hvernig á að upplifa og fyrirgefa nauðgun. Ég bara næ því ekki. Látið hana vera.“

Það er þungur tónn í orðum Gunnars þegar hann talar um þessi mál og hann gefur sér tíma til þess að hugsa og velja orð sín vel. „Ég lenti næstum því í þessu þegar ég var nítján ára en var bjargað. Ég talaði aldrei um það fyrr en Hallgrímur bróðir kom með bókina sína Sjóveikur í München þar sem hann segir frá sinni reynslu. Þá fór ég að tala um það. Mér fannst þetta svo vandræðalegt og maður upplifir svo mikla skömm. Ég skammaðist mín svo mikið að ég fór strax daginn eftir og talaði við þennan gaur og var bara hress og áttaði mig ekki á því að hann hafði byrlað mér eitur því ég hafði aldrei heyrt um svoleiðis dæmi.“

> MÁLIÐ ER AÐ VIÐ KOMUMST ALDREI FRÁ ÞESSARI SALEM-TILFINNINGU OG ÖLLUM ÞESSUM TILFINNINGUM, VANMÆTTI OG REIÐI NEMA MEÐ ÞVÍ AÐ OPNA Á ÞETTA ALLT SAMAN.



Bragi Þór leikstjóri og Gunnar taka stöðuna við tökur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Eins og skítalokan**

Gunnar staldrar við og segir: „En ég vil ekki að þetta verði stóra málið í þessu viðtali. Þetta snýst ekki um mig heldur börn og hvað við getum bætt í þessu samfélagi. Það kom nefnilega nýr og óvæntur snúningur á þetta mál í vikunni þegar Benedikt Erlingsson sagði að mann væri farið að gruna að inni í kerfinu sé barnaníðinganet. Sérfræðingar í útlöndum segja nefnilega að barnaníðingar séu aldrei einir á ferð heldur finni sér stuðning, gaura sem tala saman og deila efni á netinu og ef enginn vill segja hvernig þetta gerðist að þessi maður fékk uppreist æru þá fer mann að gruna ýmislegt. Þetta sagði Benni á netinu í gær og það rataði í fjölmiðla. Ég ætlaði að fara að læka þetta og deila þessu en þá fannst mér skyndilega að við værum aðeins komin til Salem. En ég er samt sammála þessu. Af hverju er ekki hægt að koma hreint fram? Ég skil það ekki. Málið er að við komumst aldrei frá þessari Salem-tilfinningu og öllum þessum tilfinningum, vanmætti og reiði nema með því að opna á þetta allt saman. Hafa þetta allt fyrir opnum dyrum.

Þetta er alveg eins og skítalokan vestur í bæ nema að það flæddi þarna skítur út í kerfið en ekki út í sjó. Af því að einhver gæi sagði, „æ reddum þessu bara og vonum að það frétti enginn af þessu“, þetta er bara skólp út í þjóðfélagið. Í stað þess að segja þetta voru þessi og þessi sem kvittuðu upp á þetta og við ætlum að draga þetta til baka. Af hverju gerum við það ekki? Jú, vegna þess að þá fer hann í mál við ríkið. Mér er bara alveg sama. Látum hann bara gera það. Við erum að brjóta lög með því að tala um sakargiftir manns sem er með uppreist æru hvort eð er. Ef almenningur hefur hugrekki til þess þá verða fulltrúar þeirra að hafa það líka. Allir kvitta bara upp á og enginn þorir að segja neitt, það er eitthvað mikið rotið í svona samfélagi eða kerfi sem stendur ekki með börnunum. Það eru bara foreldrarnir og fjölskyldurnar sem gera það en það er ekki nóg. Hvaða rugl er þetta?

Samfélag sem vill fara fram á við og bæta sig verður alltaf og án undantekninga að setja börnin í fyrsta sæti. Hvort sem við erum að sinna listum og menningu, berjast gegn glæpum eða í raun hvað sem er. Leiðin fram á við er opið samfélag sem setur börnin í öndvegi.“

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 22. JÚLÍ 2017



Ari Eldjárn mun reyta af sér brandara í Tjarnarbíói um helgina. MYND/VILHELM

# Treður upp með fölum Finna

Ari Eldjárn kemur endurnærður úr sólinni í Svarfaðardal. Fram undan er heljarinnar grínhátíð í Edinborg en í kvöld grínast hann í Tjarnarbíói með fölum og fyndnum Finna. →2


Active Liver




Heilbrigð melting - stuðlar að eðlilegum efnaskiptum

**Fæst í næsta apóteki**

**www.icecare.is**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Það voru heldur betur viðbrigði að koma úr 24 stiga hita og sól í rigninguna hér í bænum,“ segir Ari Eldjárn grínisti, nýkominn í úr löngu sumarfríi fyrir norðan með fjölskyldunni. „Ég var í Svarfaðardalnum, kúplaði mig alveg út, las Arnald og passaði aldraðan hund foreldra minna. Það er hollt að fara í langt frí og sérstaklega gott fyrir sálina að fara í göngutúr með hund,“ segir hann endurnærður. Sem er eins gott því um helgina stendur mikið til, uppistand í kvöld og annað kvöld, á ensku og eftir það flýgur Ari til Edinborgar á heljarinnar grínhátíð.

Hann er þó staddur á óræðum stað uppi í sveit þegar blaðamaður hringir. „Ég er að leika í nýju kvikmyndinni hans Benedikts Erlingssonar og er að bíða eftir að það komi að mér,“ segir hann en gefur ekki upp hvaða hlutverk um ræðir, tekur bara fram að það sé tiltölulega smátt í sniðum.

*En hvað stendur til í kvöld?* „Það er sýningin Iceland vs Finland í Tjarnarbíói, ein í kvöld og aukasýning annað kvöld. Ég kem fram fyrir hlé og vinur minn, Ismo Leikola frá Finnlandi, treður upp eftir hlé. Ismo er ógeðslega fyndinn, með súran brandaraskotinn uppistandsstíl. Hann vann meðal annars keppnina World's Funniest Person á Laugh Factory klúbbnum í Bandaríkjunum.  Við tveir erum mjög ólíkir, eins og svart og hvítt. Hann kemur fyrir eins og feiminn lokaður Finni, stynur upp úr sér orðunum og fólk veit ekkert hvar það hefur hann þegar hann byrjar. En svo liggja allir af hlátri. Hann hefur verið að skemmta um öll Bandaríkin, á spilavítum í Las Vegas og er að upplifa ameríska drauminn, þessi skrítni föli Finni sem býr í sólinni í LA! Við tveir höfum komið fram saman á hátíðum í Finnlandi og ég vonast til að gera eitthvað meira með honum,“ segir Ari.



„Fringe-hátíðin er Mekka uppistandaranna og ég verð þar allan ágúst. Það er nýtt fyrir mér að gera langa sýningu á ensku.“

Báðir munu þeir flytja grínið á ensku í Tjarnarbíói. Ari segir það ágæta upphitun þar sem fram undan séu stórar grínhátíðir hjá þeim báðum. Ismo sé á leiðinni til Montreal á hátíðina Just for Laughs en sjálfur fari hann til Edinborgar á Fringe-hátíðina.

„Fringe-hátíðin er Mekka uppistandaranna og ég verð þar allan ágúst. Það er nýtt fyrir mér að gera langa sýningu á ensku, og gott að hafa rennt efninu í Tjarnarbíói áður en ég fer út. Ég hef áður skemmt á ensku en yfirleitt á Norðurlöndunum og þá bara í 15 til 20 mínútur. Ég held að það séu rúmlega 3.000 uppistandarar á Fringe-hátíðinni á sama tíma. Þetta er dálítið eins og að vera með bás á markaði,“ segir hann.

> Ég undirbý mig yfirleitt sem minnst. Annars verð ég svo stressaður.
> **Ari Eldjárn**

Megnið af efninu sem hann ætli að flytja eigi hann tilbúið. Hann hafi notað örlítið af fríinu til að undirbúa sig fyrir ferðina. Annars hafi hann ekki trú á of miklum undirbúningi.

„Ég undirbý mig yfirleitt sem minnst. Annars verð ég svo stressaður. Það er miklu betra að setja sig í tímapressu og sjá svo til hvað kemur út úr því. Ég bíð yfirleitt þar til það er alveg að koma að þessu. Renni þá í kasti yfir það sem ég á til og ákveð að það sé allt miklu betra en mig minnti.“






# FRAMTÍÐARSTÖRF Í FRÍHÖFNINNI

FRÍHÖFNIN

## EIN VINSÆLASTA VERSLUN Í FLUGSTÖÐINNI

### Fríhöfnin ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk á lagerinn

Um er að ræða framtíðarstörf á lager í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli. Leitað er að þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklausum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, eiga auðvelt með að nálgast fólk, hafa lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi.

Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri.

Starfið felst í almennum lagerstörfum.

Hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Meirapróf og/eða lyftarapróf er æskilegt
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf eigi síðar en 1. september. Umsóknum skal skilað inn rafrænt á www.dutyfree.is/atvinna.

### Umsóknarfrestur er til og með 13. ágúst 2017.

Fríhöfnin hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi. Hún hefur einnig hlotið fjölda viðurkenninga síðastliðin ár, m.a. í starfsmenntamálum, fyrir að vera besta fríhöfn í Evrópu og fjölskylduvænt fyrirtæki. Stærstu vöruflokkarnir í verslunum félagsins eru áfengi, tóbak, snyrtivörur og sælgæti. Fríhöfnin hefur sett sér það markmið að vera ávallt til fyrirmyndar í jafnréttismálum og leggur áherslu á góðan starfsanda.

DUTY FREE ICELAND

DUTY FREE express

www.dutyfree.is

# STÖRF Í BOÐI

Múrarar, smiðir, vélvirkjar og almennir verkamenn

EININGAVERKSMIÐJAN

Við hjá Einingaverksmiðjunni óskum eftir umsóknum um framtíðarstörf hjá fyrirtækinu. Múrarar, smiðir, vélvirkjar og almennir verkamenn eru hvattir til að sækja um.

Umsóknir óskast sendar á svanur@ev.is
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu í síma 414 8770

Einingaverkmiðjan var stofnuð árið 1994. Frá upphafi hefur fyrirtækið framleitt forsteyptar einingar til húsbygginga. Innan fyrirtækisins hefur skapast gríðarleg sérþekking og verkkunnátta í áranna rás. Við höfum á að skipa öflugum tækjabúnaði og afar fullkominni verksmiðju. Frá árinu 2008 höfum við einnig rekið verksmiðju í Færeyjum eftir að hafa flutt forsteyptar einingar þangað í allmörg ár.

# LÖGFRÆÐINGUR Í VETTVANGSATHUGUNUM

▶ Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssvið leitar að öflugum lögfræðingi.

Laust er starf lögfræðings við vettvangsathuganir hjá Fjármálaeftirlitinu. Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssvið annast vettvangsathuganir og verðbréfamarkaðseftirlit þvert á þá markaði sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Vettvangsteymi sviðsins aflar upplýsinga og gagna með sjálfstæðri skoðun á vettvangi þar sem athuganir geta m.a. beinst að tilteknum afmörkuðum þáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila eða heildarathugunum hjá einstökum aðilum. Leitað er að starfsmanni sem býr yfir góðri samskiptahæfni og hefur reynslu af störfum á fjármálamarkaði.

## Starfssvið

- Undirbúningur og framkvæmd vettvangsathugana
- Greining gagna og skýrslugerð
- Verkefnastjórnun
- Þátttaka í innlendu samstarfi
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Þekking á stjórnsýslurétti og löggjöf á fjármálamarkaði
- Reynsla af eftirlitsstörfum eða störfum tengdum fjármálamarkaði
- Rík greiningarhæfni
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, ábyrgð, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig og miðla upplýsingum í ræðu og riti á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar veita Sigurveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssviðs (sigurveig@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# Byggingastjóri

Óska eftir að ráða byggingastjóra, með haldgóða reynslu á húsbyggingum.Verkefnið felst í daglegum rekstri byggingasvæðiss,amskiptum við byrgja og verktaka.

Áhugasamir sendi fyrirspurn á netfangið: krikar@simnet.is

GER
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma óskar eftir bílstjórum og lagerstarfsmönnum, skilyrði er að þeir séu 20 ára eða eldri.

# Bílstjóra- og lagerstörf

# 100% VINNA

**Hægt er að hefja störf strax.**

Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda sendist á netfangið

**vinna@ger.is**

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn.

HÚSGAGNA HÖLLIN · Betra BAK · DORMA Láttu drauminn rætast

**Strandabyggð leitar að öflugum starfsmanni**

# Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar - framtíðarstarf

Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumannsins Íþróttamiðstöðvarinnar á Hólmavík.

**Verkefni forstöðumanns felast m.a. í:**
- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri íþróttamiðstöðvar
- Að hafa umsjón með viðhaldi og rekstri tækja og búnaðar
- Faglegri forystu
- Að stuðla að framþróun íþróttamiðstöðvarinnar
- Ráðningum afleysingafólks og mannauðsstjórnun

**Gerðar eru kröfur um að viðkomandi:**
- Uppfylli skilyrði sem fram koma í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og hafi hreint sakavottorð
- Búi yfir skipulags- og stjórnunarfærni
- Búi yfir góðri samskiptafærni og getu til að tjá sig í ræðu og riti
- Hafi til að bera frumkvæði og styrk til ákvarðanatöku
- Sé í starfi sínu hvetjandi og góð fyrirmynd

Starfinu fylgir töluverð samvinna og samskipti við skriftstofu og aðrar stofnanir sveitarfélagsins, s.s. leik- og grunnskóla, tómstundafulltrúa og áhaldahús sem og íþróttafélög og önnur félög á staðnum.

Umsóknarfrestur er til og með **7. ágúst 2017** en umsóknir og fyrirspurnir skulu berast til sveitarstjóra á netfangið sveitarstjori@strandabyggd.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins að Höfðagötu 3, 510 Hólmavík.

***Um Íþróttamiðstöðina***

*Sveitarfélagið Strandabyggð á og rekur íþróttamiðstöð þar sem er íþróttahús og sundlaug. Í íþróttamiðstöðinni fer fram íþrótta- og sundkennsla allra grunnskólabarna í Strandabyggð auk þess sem íþróttafélög á staðnum fá þar aðstöðu fyrir starfsemi sína. Auk þess geta einstaklingar og hópar leigt íþróttasalinn, farið í sund og heita potta, auk tækjasalar sem einnig er á staðnum. Tjaldstæði sveitarfélagins eru rekin af íþróttamiðstöðinni og er töluverður rekstur þar í kring yfir sumartímann. Mikil hefð er fyrir ýmissri íþróttaiðkun í Strandabyggð og hefur starf íþróttafélaganna eflst undanfarin ár og mikil sókn er í aðstöðu íþróttahússins. Við íþróttamiðstöðina starfa 2 starfmenn yfir vetrartímann en yfir sumarið eru starfsmenn um 7. Sveitarfélagið er í vottunarferli EarthCheck ásamt Vestfjörðum öllum og tekur starfsemin mið af því.*

LOPI

*Ull íslensku sauðkindarinnar hefur lagað sig að veðurfari og aðstæðum frá landnámi. Hún hefur haldið hita á íslensku þjóðinni í gegnum aldirnar og er einstök á heimsvísu.*

**Ístex** er ullarvinnslufyrirtæki með höfuðstöðvar í Mosfellsbæ, sem hefur verið starfrækt frá árinu 1991. Ístex er eina fyrirtækið á Íslandi sem safnar ull beint frá bændum og vinnur úr henni lopa og band. Fyrirtækið rekur ullarþvottastöð á Blönduósi og spunaverksmiðju í Mosfellsbæ. Vörur fyrirtækisins eru seldar um allan heim í gegnum umboðsaðila. Undir vörumerki Ístex, Lopa, er t.a.m. seldur Léttlopi, Plötulopi, Álafosslopi, Einband og Bulky Lopi. Fyrirtækið framleiðir einnig vélprjónaband og stendur fyrir útflutningi á óunninni ull og framleiðslu ullarteppa.

Rekstrartekjur fyrirtækisins á árinu 2016 voru um 920 milljónir kr. og hjá því störfuðu á milli 40 og 50 starfsmenn.

# Framkvæmdastjóri

**Ístex** leitar að öflugum framkvæmdastjóra til að stýra daglegum rekstri fyrirtækisins, framsýnum og drífandi einstaklingi sem fær það verkefni að halda öflugri uppbyggingu fyrirtækisins áfram.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Daglegur rekstur og umsjón með fjármálum
- Reikningshald og ársuppgjör
- Áætlanagerð
- Samningagerð og eftirfylgni með samningum
- Starfsmannamál
- Yfirsýn með starfsstöðvum fyrirtækisins

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, viðskiptafræði og stjórnun
- Reynsla af stjórnun í framleiðslufyrirtæki er kostur
- Víðtæk þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking og áhugi á markaðsmálum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og metnaður
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum

**Upplýsingar veitir:**
**Katrín S. Óladóttir**
katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
Kynningarbréf ásamt ferilskrá fylgi umsókninni þar sem fram koma ítarlegar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf.
**Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 85264 7/17

**Leiðakerfisstjórnun er hluti af fjármálasviði Icelandair. Megin hlutverk leiðakerfisstjórnunar er að þróa og viðhalda leiðakerfi félagsins. Forstöðumaður leiðakerfisstjórnunar er hluti af stjórnendateymi Icelandair sem er stöðugt að leita leiða til að bæta rekstur félagsins með betri þjónustu, sveigjanleika og frumkvæði að leiðarljósi.**

### STARFSLÝSING

- Þróun á leiðakerfi Icelandair til skemmri og lengri tíma.
- Greining og útreikningar á nýjum og fyrirhuguðum áfangastöðum félagsins.
- Skoða nýja markaði og greina eftirspurn og tækifæri.
- Samskipti og samningar við flugvelli, bæði á núverandi og fyrirhuguðum nýjum áfangastöðum.
- Samstarf við aðrar deildir.

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í verk-, tækni-, eða viðskiptafræði.
- Greiningarhæfni og færni með tölulegar og fjárhagslegar upplýsingar.
- Góðir stjórnunarhæfileikar.
- Hæfni til að vinna í hóp.
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð.
- Frumkvæði og dugnaður.

Við leitum að öflugum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í líflegu starfsumhverfi. Starfsmanni með framúrskarandi samskiptahæfileika og brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi í alþjóðlegu umhverfi.

Starfsvettvangur er í höfuðstöðvum Icelandair í Reykjavík.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á vef Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 11. ágúst 2017.

**Nánari upplýsingar veita:**
Hlynur Elísson | framkvæmdastjóri fjármálasviðs | hlynur@icelandair.is
Kristín Björnsdóttir | mannauðsstjóri aðalskrifstofu | starf@icelandair.is
Svali Björgvinsson | framkvæmdastjóri mannauðssviðs | svali@icelandair.is

ICELANDAIR

**365 óskar eftir góðu fólki**

# FRÉTTAMAÐUR Á STÖÐ 2

## VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU FRÉTTAMANNA LANDSINS?

**Okkur vantar sjónvarpsfréttamann, í boði er áhugaverð vinna á skemmtilegum vinnustað í stöðugri sókn.**

Umsækjandi þarf:
- að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi og brennandi áhuga á málefnum líðandi stundar
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- að vera fær í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: www.365.is undir „laus störf“.**

**Nánari upplýsingar gefur Kristín Þorsteinsdóttir, aðalritstjóri 365 frétta, kristinth@365.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí. Reynsla af fréttamennsku er skilyrði.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 400 manns.

365



SPORTS DIRECT

# SPORTS DIRECT LEITAR AÐ STARFSFÓLKI Í FRAMTÍÐARSTÖRF.

**Kröftugum einstaklingum sem vilja vinna sig upp í starfi sem og ábyrgð. Sanngjörn laun og veglegir sölubónusar í boði fyrir öflugt fólk.**

Vinnutími er eftir samkomulagi en er í samræmi við opnunartíma verslunarinnar.

**Hæfniskröfur:**
Þjónustulund
stundvísi
skipulagni
samskiptahæfni
Reynsla í þjónustustörfum mikill kostur
Æskilegt að einstaklingur hafi náð 17 ára aldri

*Opnunartími*
*Mán-mið: 10-19*
*Fim: 10-21*
*Fös: 10-20*
*Lau-Sun: 10-18*

## SÆKIÐ UM Á SPORTSDIRECT.RADA.IS

Sæktu um á sportsdirect.rada.is eða í versluninni.
Frekari upplýsingar veitir Ásta Sigrún Friðriksdóttir, verslunarstjóri (asta.fridriksdottir@sportsdirect.com) í síma 571-3010

# VERKEFNISSTJÓRI á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina

## Ábyrgð og helstu verkefni

**Erlent tengslastarf, ferðasýningar og viðburðir**
- Viðburðastjórnun og samskipti vegna viðburða og sýninga erlendis
- Viðburðastjórnun og samskipti vegna markaðsverkefna innanlands
- Tengiliður við valda erlenda markaði
- Uppbygging erlends tengslanets og samskipti við erlenda söluaðila
- Yfirsýn yfir markaðsaðgerðir og þróun markaða

**Erlend almannatengsl og fjölmiðlaferðir**
- Skipuleggja fjölmiðlaferðir og svörun fyrirspurna fjölmiðlamanna
- Samskipti við almannatengslaskrifstofur

## Kröfur um menntun og hæfni

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfinu
- Þekking og reynsla af markaðssetningu á erlendum mörkuðum
- Reynsla af verkefnisstjórnun
- Reynsla úr ferðaþjónustu
- Framúrskarandi ensku- og íslensku kunnátta skilyrði, önnur tungumálakunnátta kostur
- Menningarlæsi, frumkvæði, samskipta og samstarfshæfni, jákvæðni og hugmyndaauðgi

Upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir, rannveig@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 9. ágúst nk.

Hlutverk Íslandsstofu er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Jafnframt veitir Íslandsstofa fyrirtækjum faglega aðstoð við sölu á vörum, þjónustu og þekkingu erlendis og styður við kynningu á íslenskri menningu ytra.

HAGVANGUR

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

**Stál og Suða ehf óskar eftir kraftmiklum einstaklingi sem verkstjóra í stálsmiðju okkar.**

Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, ábyrgðarfullur og hæfur stjórnandi með leiðtogahæfileika.

Starfið fellst meðal annars í stjórnun á starfsfólki, umsjón með starfsmannaráðningum og almennri yfirsýn með verkefnum.

Um fullt starf er að ræða og viðkomandi gæti hafið störf strax.

Vinnutími 7.30-17 virka dag og yfirvinna eftir þörfum.

Stál og Suða ehf er framsækið fyrirtæki í Málmiðnaði sem sinnir fjölbreyttum verkefnum með stóran hóp viðskiptavina.

**Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið stalogsuda@stalogsuda.is**

# Starf yfirmanns tæknideildar Stykkishólmsbæjar er laust til umsóknar.

Stykkishólmsbær auglýsir lausa til umsóknar stöðu yfirmanns tæknideildar Stykkishólmsbæjar sem jafnframt er byggingar- og skipulagsfulltrúi. Undir tæknideild fellur rekstur áhaldahúss, rekstur fasteigna Stykkishólmsbæjar og mannvirkja Stykkishólmshafnar. Um er að ræða mjög spennandi starf í áhugaverðu samfélagi. Leitað er eftir öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa starfið á traustum grunni.. Byggingarfulltrúi ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, úttektum, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa. Ráðið verður í starfið frá og með 1.september n.k. eða eftir nánara samkomulagi **Um er að ræða 100% starf og er umsóknarfrestur til og með 31. júlí nk.**

**Samkvæmt auglýsingunni er starfssvið byggingarfulltrúa eftirfarandi:**

- Framkvæmd skipulags- og byggingarmála.
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar.
- Undirbúningur- og eftirfylgni funda skipulags- og byggingarefndar.
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar, sem sinna verkefnum á sviði byggingarmála.
- Umsjón framkvæmda og eignaumsýslu í sveitarfélaginu.
- Önnur verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi menntun og löggildingu samkvæmt ákvæðum 8. og 25.grein mann virkjalaga nr.160/2010 og uppfylli kröfur 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda mikilvæg..
- Þekking og reynsla af úttektum og mælingum.
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum og byggingarreglugerð.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Umsókn á að fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

***Laun eru samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga.***

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn á netfangið sturla@stykkisholmur.is eigi síðar en 31. júlí nk. Umsókninni þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf þar sem umsækjandi gerir sérstaklega grein fyrir hæfni til starfans út frá ofangreindum hæfnikröfum. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina a.m.k. tvo umsagnaraðila í umsókn sinni. Nánari upplýsingar veitir Sturla Böðvarsson , bæjarstjóri Stykkishólmi í síma 433-8100/863-8888 eða tölvupósti: eða tölvupósti sturla@stykkisholmur.is.

*Stykkishólmi, 7. júlí 2017*
*Sturla Böðvarsson*



# LANGAR ÞIG AÐ LÆRA
## AÐ STJÓRNA FLUGUMFERÐ?

ISAVIA HEFUR OPNAÐ FYRIR UMSÓKNIR UM NÁM
Í FLUGUMFERÐARSTJÓRN Í JANÚAR 2018

Isavia annast rekstur íslensku flugleiðsöguþjónustunnar og er eini starfsvettvangur flugumferðarstjóra á Íslandi. Flugumferðarstjórar stýra flugumferð á flugvöllum á Íslandi og á íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er 5,4 milljónir ferkílómetrar að stærð og eitt það stærsta í heiminum. Isavia og forverar þess hafa jafnan annast alla þjálfun flugumferðarstjóra .

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Viðkomandi þarf að vera a.m.k. 18 ára og hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu námi
- Góð tök á íslensku og ensku í tali og riti
- Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum og sjálfstæður í vinnubrögðum
- Umsækjendur skulu geta staðist læknisskoðun skv. reglugerð um skírteini flugumferðarstjóra

Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum og einkunnum úr námi. Hæfir umsækjendur verða boðaðir í inntökupróf.

Sérstök athygli er vakin á því að nemar sem teknir verða inn í grunnnám í flugumferðarstjórn hjá Isavia í janúar 2018 munu ekki greiða skólagjöld. Þó fullnægjandi árangur náist í námi er það ekki trygging fyrir starfi hjá Isavia að námi loknu. Hægt er að lesa meira um námið á heimasíðu Isavia.

Umsóknarfrestur er til og með **13. ágúst.**

Isavia rekur öflugt net flugvalla á Íslandi og flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims. Hjá Isavia og dótturfélögum vinnur samhentur hópur sem telur um 1.200 manns. Okkar markmið er að vera hluti af góðu ferðalagi allra þeirra sem fara um flugvelli okkar og flugstjórnarsvæði.

UMSÓKNARFRESTUR
**13. ÁGÚST 2016**

UMSÓKNIR
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia


Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HEILSUGÆSLAN



## Deildarstjóri launadeildar

Laust er til umsóknar 100% starf deildarstjóra launadeildar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Deildin heyrir undir svið fjármála og rekstrar sem staðsett er í Álfabakka 16. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf þann 1. september nk. eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst 2017.**

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi . Heilsugæslan samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Auk þjónustu sem er veitt á heilsugæslustöðvum er veitt sérhæfð miðlæg þjónusta sem eru Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna og hælisleitenda, Geðheilsa eftirfylgd, Geðheilsustöð Breiðholts og Heimahjúkrun HH.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Stýring og þátttaka í launavinnslu stofnunarinnar
- Yfirumsjón með Vinnustund, viðverukerfið Oracle E-Business Suite
- Gerð launa- og mannahaldsáætlunar
- Framkvæmd kjarasamninga
- Úrvinnsla tölulegra upplýsinga á sviði launa- og kjaramála
- Önnur verkefni í samráði við framkvæmdastjóra fjármála og rekstrar

### *Hæfnikröfur*

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt nám
- Haldgóð reynsla af launaumsýslu og áætlanagerð
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði verkefnastjórnunar.
- Haldgóð reynsla af vinnu með og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Reynsla af notkun gagnagrunna (t.d..Excel, Access)
- Þekking á kjarasamningum ríkisins æskileg

### *Færni og aðrir eiginleikar*

- Nákvæmni í vinnubrögðum og geta til að starfa sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum og til samvinnu
- Skipulags- og greiningarhæfni auk töluskilnings
- Geta til að tileinka sér nýja þekkingu
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

### *Frekari upplýsingar um starfið*

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga hafa gert. Stéttarfélag er BHM. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. **Umsókn getur gilt í 6 mánuði.** Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið.
**Starfshlutfall er 100%**
**Umsóknarfrestur er til og með 14.08.2017**

### *Nánari upplýsingar veitir*

- Kristín Guðrún Lúðvíksdóttir - 585-1300
kristin.gudrun.ludviksdottir@heilsugaeslan.is

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

---

**Loftorka Reykjavík**
Óskum eftir vönum vélamanni á beltavél.
**Upplýsingar veitir Sigurjón í síma 892-4207 eða 565-0875**

**Loftorka Reykjavík ehf.**
**OPIÐ HÚS** › 24. júlí 17:30-18:00



## Melgerði 18

200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 133,7 fm
FJÖLDI HERBERGJA: 4-5

**FALLEG OG VEL SKIPULÖGÐ 4-5 HERBERGJA EFRI SÉRHÆÐ MEÐ SÉRGARÐI OG BÍLSKÚR Í VESTURBÆ KÓPAVOGS.**

**59.900.000** KR



*Heyrumst*
**Gunnar Valsson**
Sölufulltrúi
› 699 3702
› gunnar@fastlind.is



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

SUMARLEIÐIN – FULLT AF **GAGNAMAGNI** FYRIR MINNA

# 11GB

**ENDALAUST** TAL OG SMS

FYRIR AÐEINS

# 2.590 KR.

Á mánuði

365 KEYRIR Á **HRAÐASTA** FARSÍMANETI LANDSINS*

SKRÁÐU ÞIG Á **365.IS**

* SPEEDTEST

365

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is



DODGE Grand caravan crew stow and go. Árgerð 2016, ekinn 20 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.390.000. Rnr.156906 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti. Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is



DODGE Grand caravan crew stow and go. Árgerð 2016, ekinn 38 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.156784 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti. Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið virka daga 12-18 og laugard. 12-15**
**www.bilabankinn.is**




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**bilauppbod.is**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

**BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN**



AUDI A4 TDI QUATTRO nýskr. 07/2016, ekinn 26 Þ.km, dísel (190 hö), sjálfskiptur, S-line sæti ofl. aukahlutir. Tilboðsverð aðeins 5.490.000 kr. Raðnr. 256428 BILO.is



VOLVO XC90 T8 HYBRID INSCRIPTION nýskr. 07/2017, nýr óekinn, bensín/rafmagn, sjálfskiptur, hellingur af aukahlutum. Nývirði um 15mkr. TILBOÐSVERÐ 10.990.000 kr. Raðnr. 256626 á BILO.is



HOBBY 560 UKF PREMIUM - ÓNOTAÐ, árgerð 2016, leður, kojur, TFT-skjár, 12 volt ofl. ofl. TILBOÐSVERÐ AÐEINS 4.790.000 kr. Raðnr. 256556 á BILO.is GSM: 771-8900 um helgina

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

## Bílar til sölu




Toyota yaris árg "00 TT040 Góður bíll nýj skoðaður og smurður Verð tilboð. Grétar sími 898 9944

Ford Mondeo árg "06 ek 145 þús. sk "18 ásett verð 790 þús staðgr 550 þús. Uppl. S. 660 3175

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólhýsi



Hobby 540 UFE hjólhýsi, 2008 árg. Markísa m. hliðum, sólarsella, útvarp og TV/loftnet. Fallegt hús á 2.480.000 kr. Uppl. í s. 8942460

## Vespur



TAMCO SPORT F1 50cc bensínvespa með 25km/h hámarkshraða, til aksturs á hjólastígum og gangstéttum. Ársgamalt hjól frá Suzuki umboðinu, ekið aðeins 260 km. Verð 180 þúsund. Uppl í s. 691-9988.

## Varahlutir




## Hjólbarðar




**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur og úðun ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994




**www.toyotakauptuni.is**

## Westfalia dráttarbeisli fyrir flestar gerðir bíla




**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
info@toyota.is

Opið mán - fös:
07.45 - 18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

**www.toyotakauptuni.is**

## Brenderup gæðakerrur í öllum stærðum og gerðum

**Frá 139.000,- m/vsk**





Kröftugar smellur



Hægt að geyma uppá rönd



Sterkar lykkjur

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
info@toyota.is

Opið mán - fös:
07.45 - 18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

**Brenderup**

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is


plettac distribution
Plettac vinnupallar til sölu.
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni.
VINNUPALLAR EHF
s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Stjörnuljós- Heilun og Spá. Símaspá og tímapantanir í s. 844 1596

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

STIGA

Stiga TwinClip 50 SB
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

Barnaheill Save the Children á Íslandi
Vissir þú að... börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.

HUMARSALAN
SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

mýranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn



Jaxon flugustangarsett . lína 5-6-7-eða 8 Stöng ,hjól ,lína hólkur , polaroid gleraugu ,taumur og 10 flugur 28.900 kr . Takmarkað magn Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Góð íbúð í Barmahlíð 120fm til leigu 2 svefnh og 2-3 góðar stofur laus strax. Uppl. s. 898 8212

## Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ/HÆÐ**
Óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/hæð, helst í Kóp, Garðab eða Hafnaf., allt kemur til greina. Aðeins langtímaleiga. Reglusemi, skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er.

Uppl. í síma 863 4291

Hjón 60-70 ára óska eftir 3ja herb íbúð ekki jarðhæð helst í Breiðholti ekki skilyrði engöngu langtímaleiga. Uppl. S 869 1657

Tveir ungir menn að leita sér af íbúð til leigu á rólegum stað í Rvk. Mjög reglusamir og hreinlátir. Áhugasamir hringja í 663-9352

## Hönnun

KG HÖNNUN
**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**KÖKUHÚSIÐ AUÐBREKKU**
óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu og aðstoðar í bakaríinu. Fullt starf.
**Uppl. gefur Björk í s. 693 9091.**

Jói Fel

**JÓI FEL JL HÚSIÐ**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í fullt starf í afgreiðslu. Tvískiptar vaktir og önnur hver helgi. Íslenskukunnátta skilyrði
**Vinsamlega hafið samband við Heklu 844-8809 eða á jl@joifel.is**

## Atvinna óskast

Enskumælandi kona óskar eftir tímabundinni vinnu við t.d. þrif o.fl. s. 782 7451

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


LOK Á HEITA POTTA
Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com


Geymsluskúrar /gestahús til sölu
• Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
• Veggjagrind út 45x95 timbri.
• Pappi og bárustál á þaki.
• Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
• Skúrar sem þola veður og vinda.
Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.


viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist Parketlagnir og viðhald

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

tv




# ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér. Þú þarft ekki að missa af neinu, þú getur notið línulegrar dagskrár allra sjónvarpsstöðva, tímaflakks, Frelsis og Stöð 2 Maraþon NOW í snjallsíma, spjaldtölvu, Apple TV og í vafra.




365ASKRIFT.IS | 365

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Okkar stærsta

# SUMARÚ




Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Sumarblóm 50% · Tré og runnar 50% · Fjölærar plöntur 50% · Matjurtir 50% · Garðarósir 50% · Útipottar 30% · Garðstyttur 30% · Fræ og sáðbakkar 30% · Silkisumarblóm 30% · Vökvunarkönnur 30% · Úðabrúsar 30% · Sláttuvélar 20% Garðverkfæri 25% · Hekkklippur 30% · Keðjusagir 30% · Vermireitir og blómakassar 20% · Háþrýstidælur 20% · Áltröppur og stigar 30% · Rafmagnsverkfæri Black&Decker 30% Reiðjól og fylgihlutir 30% · Garðhúsgögn 30% · Úðarar, slönguhjól og tengi 30% · True North Útivistafatnaður 50% · Pallaolía 25% · Viðarvörn 25% · Innimálning 25% · Útimálning 25% · Vegg- og loftaþiljur 25% · Leikföng 30% · Búsáhöld 25% · BroilKing grill 20% · Grill fylgihlutir, Broil King, GrillPro 30% · Electrolux smáraftæki 20% · Verkfæratöskur 35% · Ferðavörur 25% og margt fleira

Byggjum á betra verði



sumarútsala frá upphafi er í fullum gangi
ÚTSALAN
50% afsláttur
Öll sumarblóm og trjáplöntur
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
LADY
VEGG 10
Öll JOTUN pallaolía, viðarvörn og málning blöndum alla liti
25% afsláttur
BLACK& DECKER
30% afsláttur
af ÖLLUM rafmagnsverkfærum frá Black&Decker
Ferðavörur
25% afsláttur
Áltröppur og stigar
30% afsláttur
Útipottar og garðstyttur
30% afsláttur
Garðhúsgögn
30% afsláttur
FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA



Fyrir átta árum fóru innan við 100 Íslendingar til Finnlands. Nú standa um þrjú þúsund í stúkunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Freyr Alexandersson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir á blaðamannafundi fyrir leikinn gegn Frakklandi, þar sem stelpurnar okkar börðust eins og ljón gegn feiknasterku liði Frakka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Kvennalandsliðið fékk mikinn stuðning áður en það fór út til Hollands og var Leifsstöð full af fólki sem veifaði íslenska fánanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# EM kvenna þá og nú

Valkyrjurnar í landsliðinu sem nú keppir á EM eru orðnar stjörnur. Um 3.000 Íslendingar eru staddir í Hollandi að hvetja liðið. Fyrir átta árum voru íslenskir áhorfendur innan við 100 og áhorfendur á leik liðsins í riðlakeppninni í Finnlandi voru rúmlega þúsund.

**Benedikt Bóas Hinriksson**
benediktboas@frettabladid.is

Á EM 2013 voru þetta mestmegnis fjölskyldumeðlimir, ömmur og afar, mömmur og pabbar og það voru ennþá færri árið 2009. Þetta er alveg geggjað og það er fullt af fólki sem maður þekkir ekki neitt,“ sagði Rakel Hönnudóttir í samtali við vefsíðuna fótbolta.net í vikunni.

„Ég held að í heildina hafi þrjátíu eða fjörutíu manns farið út fyrir átta árum, það er dálítið annað en núna,“ sagði Ásdís Gísladóttir í viðtali við Fréttablaðið fyrir mótið í ár.

Allra augu eru nú á íslenska landsliðinu í knattspyrnu sem spilar á EM kvenna í Hollandi. Samkvæmt frétt RÚV voru 93% þeirra, sem horfðu á sjónvarp á meðan leikurinn stóð yfir, með stillt á leikinn. Um 3.000 Íslendingar eru í Hollandi að hvetja liðið áfram og vakti víkingaklappið sem fyrr mikla athygli þegar það var tekið í stúkunni gegn Frökkum. Gífurlegur áhugi er á landsliðinu og leikmönnum þess. Fréttamiðlar keppast við að segja fréttir af öllu sem viðkemur leikmönnum og stuðningsneti þeirra og eru þær lesnar upp til agna. Það datt allt í dúnalogn hér á landi þegar Ísland lék gegn Frökkum í leik sem tapaðist á umdeildri vítaspyrnu. Fjölskyldur og vinir hittust um allt land og sendu góða strauma út. Allir höfðu skoðun á ítalska dómaranum og leikaraskap frönsku dívunnar. En það er ekki langt síðan að áhuginn, umfjöllun og annað var mun minna í sniðum.

**ALLIR HÖFÐU SKOÐUN Á ÍTALSKA DÓMARANUM OG LEIKARASKAP FRÖNSKU DÍVUNNAR.**

## EM 2009

Þetta er í þriðja sinn sem íslenska kvennalandsliðið kemst á EM. Fyrst komst liðið á EM árið 2009. Þá var Sigurður Ragnar Eyjólfsson þjálfari og komust 11 önnur lið inn á mótið. Þá, eins og nú, var opnunarleikurinn gegn Frökkum og tapaðist 3:1. Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði markið. Ísland var í B-riðli ásamt Frökkum, Þjóðverjum og Norðmönnum og komust öll liðin áfram í 8-liða úrslit nema Ísland.

Í kringum 10 starfsmenn voru í teymi KSÍ sem fór til Finnlands. Fréttablaðið sendi einn blaðamann en engan ljósmyndara. Það er því erfitt að finna efni og myndir frá mótinu. Ein besta heimild um mótið er heimildarmyndin Stelpurnar okkar. Ekki voru margir áhorfendur frá Íslandi á mótinu, flestir fjölskyldumeðlimir leikmanna. Í aðdraganda mótsins var lítil upphitun og stelpurnar fengu bláan íþróttagalla frá KSÍ til að klæðast. Í helgarblaði Fréttablaðsins nokkrum dögum fyrir mót var ein síða með viðtali við Ásthildi Helgadóttur. Mótið kom og mótið fór. Stelpurnar fengu 10 milljónir króna fyrir að tryggja sætið á EM en þátttökuþjóðirnar skiptu með sér um 150 milljónum króna. Rúmlega 3.600 manns voru að meðaltali á leikjum Íslands í riðlakeppninni.

## EM 2013

Fjórum árum síðar var mótið haldið í Svíþjóð. Aftur voru þátttökuþjóðirnar 12 og aftur fengu stelpurnar 10 milljónir fyrir að komast á mótið. UEFA styrkti KSÍ um ferðakostnað og gistikostnað en ekki til fulls því KSÍ þurfti að færa liðið á betra hótel og borga mismuninn. Lars Lagerbäck, þáverandi þjálfari karlalandsliðsins, kom og stýrði æfingu hjá liðinu sem heppnaðist vel.

Stelpurnar komust upp úr riðlinum en steinlágu fyrir Svíum í átta liða úrslitum, 4:0, eftir að hafa lent undir, 3:0, eftir 20 mínútur.

Umfjöllunin var nú orðin meiri. Fjölmiðlar voru orðnir fleiri og mikið til af heimildum um mótið. Fyrir mótið snerist umfjöllunin mikið til um einstaka sögu Katrínar Jónsdóttur, fyrirliða landsliðsins, sem var að leika sína síðustu landsleiki. Hún var í heilsíðuviðtali helgina fyrir mótið í helgarblaði Fréttablaðsins. Önnur upphitun fyrir mótið var ekki á blaðsíðum blaðsins. Um 4.000 manns voru að meðaltali á leikjum íslenska liðsins í riðlinum.



**Sara Björk Gunnarsdóttir hefur tekið þátt í öllum þremur EM sem Ísland hefur tekið þátt í og hefur fundið muninn á eigin skinni.**

## EM 2019

Mótið í ár slær öll met varðandi umfjöllun, bæði fyrir mót og eftir. Aldrei áður hefur EM verið stærra í sniðum en 16 lið etja kappi í sjö borgum. Áður en stelpurnar fóru út til Hollands var helgarblað Fréttablaðsins með sjö síður um liðið og leikmenn. Einnig var gefið út sérstakt EM blað. Aðrir fjölmiðlar hafa einnig eytt miklu púðri í liðið og leikmenn. Her fjölmiðlamanna er úti í Hollandi og hvert einasta skref liðsins er nánast skráð. Liðið fékk Polo Ralph Lauren fatnað fyrir mót og kveðjuathöfn í Leifsstöð. Fréttir af kvennalandsliðinu eru þær vinsælustu á netmiðlum og forsíður blaðanna eru lagðar undir konurnar. Trúlega hafa margir grátið með Elínu Mettu Jensen sem fékk dæmda á sig vítaspyrnuna umdeildu gegn Frökkum og eignast nýja valkyrju í Ingibjörgu Sigurðardóttur. Varnarkonan öfluga sagði hinu fleygu orð að henni væri bara alveg drullusama um þessar gellur. Svo mörg voru þau orð.

Alls fóru um 20 manns út með liðinu, þjálfarar, sjúkraþjálfarar, læknir, fjölmiðlafulltrúi, liðsstjórar og svokallaðir njósnarar sem hafa það hlutverk að fara á milli og skoða hin liðin, öryggisstjóri og kokkur er einnig með í nokkra daga. Þá stýrði Heimir Hallgrímsson, landsliðsþjálfari karla, varnaræfingu.

Þá var mennta- og menningarmálaráðuneytið með viðburði fyrir leikinn gegn Frökkum og keyrðu Amabadama, Glowie og Emmsjé Gauti þá Íslendinga sem voru komnir til Hollands í stuð. Í dag spilar Ísland við Sviss og má telja víst að íslenska þjóðin muni sitja límd við skjáinn, bíða eftir viðbrögðum á netmiðlum og fylgjast með blöðunum. Fjörið er nefnilega rétt að byrja og stelpurnar ætla sér ekki að koma heim í bráð.

# GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR



Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is





Luisa Book hefur starfað hjá H&M frá árinu 2014 en vann áður á vettvangi í þróunarstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Allir geta ýtt undir sjálfbærari tísku

H&M stefnir að því að nota einungis sjálfbær og endurunnin efni við framleiðslu fatnaðar árið 2030. Áður hefur sænski verslunarrisinn sætt nokkurri gagnrýni fyrir framleiðsluferli sitt, en vill gera betur.

Vonandi byrja íslenskir neytendur að spyrja sig spurninga þegar þeir versla hjá okkur. Ég vona að þeim finnist að þeir geti haft áhrif. Sem einstaklingur getur manni oft fundist maður lítill í þessum stóra heimi, en allir eiga rödd og geta lagt sitt af mörkum. Ef allir myndu taka fyrstu skrefin í að kaupa vörur framleiddar á sjálfbæran hátt myndi það hafa mikil áhrif,“ segir Luisa Books, framkvæmdastjóri sjálfbærnimála hjá H&M á Íslandi og í Noregi.

Síðustu tvo áratugi hefur sænski verslunarrisinn H&M lagt sitt af mörkum til að þróa sjálfbærari vörur og framleiðsluumhverfi, nú hefur hann sett sér metnaðarfull markmið varðandi sjálfbær efni og vinnuskilyrði.

**100% sjálfbært árið 2030**

Fyrir árið 2030 hefur H&M sett sér það markmið að öll efni verði úr endurunnu eða sjálfbæru efni. „Núna er hlutfallið 26 prósent en það var til dæmis 11 prósent árið 2013.

Lykillinn að þessu er nýsköpun,“ segir Luisa. Það hefur gengið vel að skipta út hefðbundinni bómull fyrir sjálfbæra bómull. Árið 2012 var hlutfallið 13 prósent af allri bómull en var orðið 43 prósent árið 2016. Stefnt er að því að öll bómull verði sjálfbær fyrir árið 2020 hjá fyrirtækinu.

Luisa bendir á að þar sem nýsköpunar sé krafist til að tryggja sjálfbærni sé áhersla á hana í raun til þess fallin að skapa ný störf. „Það er áætlað að sjálfbærni muni skapa 100 þúsund ný störf í framtíðinni.“

Það hefur þó ekki allt verið dans á rósum í sjálfbærnimálum hjá fyrirtækinu og í gegnum árin hafa birst skýrslur þar sem H&M er gagnrýnt.

The Guardian greindi síðast frá því um miðjan júní að H&M væri meðal þeirra fyrirtækja sem tengd væru viskósuverksmiðjum í Kína, Indónesíu og Indlandi sem væru miklir mengunarvaldar og hefðu heilsuspillandi áhrif. Ný skýrsla Changing Markets Foundation sýndi fram á þetta en benti einnig á að fyrirtækin sem ættu í hlut væru að leita leiða til að framleiða á ábyrgari hátt.

„John Ruggie, sem var skipaður til að þróa leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna fyrir viðskipti og mannréttindi sem við störfum eftir, sagði að maður ætti ekki að dæmi fyrirtæki fyrir það sem gerist heldur hvað þau geri svo og hvaða leiða þau leita til að koma í veg fyrir að svona mál komi upp aftur. Það eru ótrúlega margar áskoranir í okkar starfi er varða bæði mengun og félagslega þætti. Við erum alltaf að vinna í þessu,“ segir Luisa.

„Ég held að þessi grein hafi í raun hampað okkur fyrir hvað við erum gagnsæ þegar kemur að þessum málum. Við viðurkennum að þetta sé vandamál og hvernig við munum taka á því. Við höfum virkilegar áhyggjur af málum sem þessum. Við erum að endurskoða hvaða efni við notum og hvernig. Það er í raun gott þegar svona skýrslur birtast. Við getum þá talað um hvaða skref við ætlum að taka fram á veginn,“ segir Luisa. Hún bætir við að fyrirtækið sé stöðugt að þróa betri efni til notkunar í framleiðslu.

**Frá Afríku til H&M**

Luisa er með meistaragráðu í þróunarfræði frá SOAS University of London og starfaði í fjölda ára á vettvangi í Austur-Afríku. „Ég hef starfað víða erlendis og meðal annars búið í Austur-Afríku. Ég hef alltaf viljað vinna við eitthvað þýðingarmikið sem hefur áhrif á líf margra. Ég vildi fyrst vinna á vettvangi þar sem ég vann meðal annars með fórnarlömbum kynferðisofbeldis, og með börnum og í heilbrigðismálum í Tansaníu. Það kenndi mér mjög mikið.“ Luisa starfaði meðal annars hjá Save the Children, Care International og UN Association.

„Mér finnst sjálfbærni svo áhugaverð af því að það er hægt að þróa alls konar sniðugar stefnur en svo þarf að hrinda þeim í framkvæmd á vettvangi. Ég er núna að vinna fyrir fyrirtæki sem hefur mannskap og metnað til að gera mikið og stefnan sem var kynnt í ár er mjög metnaðarfull. Við höfum stærðina til að gera mikið og það er gaman að sjá að fyrirtækið vill taka sjálfbærnistefnuna alla leið; ekki bara til að ýta okkur áfram á því sviði heldur einnig til að ýta við öllum iðnaðinum,“ segir Luisa.

Hún hefur starfað hjá H&M síðan árið 2014, fyrst sem sérfræðingur á sviði mannréttinda fyrir alþjóðaskrifstofu fyrirtækisins, svo hjá H&M Foundation sem er styrktarsjóður fyrirtækisins, í fyrra tók hún svo við núverandi stöðu sinni. Luisa segist spennt að starfa á Íslandi. „Hver einasti markaður hefur sín einkenni og að hafa áhrif á neytandann í átt að sjálfbærni er mismunandi í hverju landi.“

> **EF ALLIR MYNDU TAKA FYRSTU SKREFIN Í AÐ KAUPA VÖRUR FRAMLEIDDAR Á SJÁLFBÆRAN HÁTT MYNDI ÞAÐ HAFA MIKIL ÁHRIF.**

Sem fyrr segir hefur fyrirtækið náð miklum árangri á sviðinu síðastliðin árin. Í því samhengi má nefna að árið 2013 hóf fyrirtækið að taka á móti gömlum flíkum til endurvinnslu. Síðan þá hefur 39 þúsund tonnum af flíkum verið skilað, eða sem nemur 190 milljónum stuttermabola. „Efnið er notað í ýmislegt, meðal annars í bílaiðnaðinum, við einangrun veggja og í fyllingu í flugvélasæti. Einnig er gallaefni endurunnið til að framleiða nýjar flíkur úr því,“ segir Luisa.

**Vilja hækka laun**

H&M stefnir að því að tryggja að raunhækkun verði á launum starfsmanna verksmiðja fyrirtækisins í löndum á borð við Bangladess og Kambódíu. Sem stórfyrirtæki vill H&M vinna að hækkun meðallauna í þeim löndum og hafa forsvarsmenn þess starfað með International Labour Organisation (ILO) að því markmiði.

Meðal annars hefur H&M unnið að því að fræða starfsmenn verksmiðja og eigendur þeirra um réttindi sín og ábyrgð. Luisa segir að það geti verið snúið að hækka laun starfsmanna verksmiðjanna þannig að þeir geti lifað betra lífi þar sem oft spyrjist það út og þá verði keðjuáhrif, meðal annars sé leiga oft hækkuð hjá einstaklingunum, og þá verði ekki af raunhækkun launa. Þess vegna telur hún mikla þörf á að allir vinni saman að þessu markmiði, sér í lagi stjórnvöld og ríkisstjórnir í framleiðslulöndunum.

**Á að krefjast meira af risum**

„Við erum stórt fyrirtæki, við höfum tækifæri til að ákveða hver sé ábyrgð vörumerkja á borð við okkar í nútímanum. Okkar sýn er að leiða breytinguna í átt að tísku sem fer í hringi og er endurnýtanleg og á sama tíma vera sanngjarnt fyrirtæki sem leggur mikið upp úr jafnrétti,“ segir Luisa. „Áður lögðum við áherslu á að vera leiðandi í sjálfbærni, en núna viljum við frekar leiða breytinguna í iðnaðinum. Það á að krefjast meira af okkur í þessum málum heldur en minni fyrirtækjum.“

Á hverju ári eru framleidd ókjör af fatnaði sem mengar töluvert. Blanda af bómull og pólýester er í 85 prósentum af öllu fataefni sem framleitt er í heiminum. Það er áætlað að um 90 milljónir tonna af þeirri blöndu séu framleidd árlega í fatnað. H&M hefur reynt að draga úr því magni sem fyrirtækið notar af þessu efni. Meðal þess sem það hefur gert er að framleiða árlega Conscious Exclusive línuna.

„Þar er allt framleitt úr sjálfbærum efnum. Á hverju ári þróum við nýtt efni, í ár var það úr plastúrgangi og nefnist bionic. Það var í fyrsta sinn sem einhver framleiddi síðkjól úr því efni. Við erum oft spurð hvers vegna við framleiðum bara eina svona línu á ári. Tæknin og nýsköpunin er því miður ekki fyrir hendi til að framleiða meira. Hins vegar notum við þessa línu til að prufa efni sem við nýtum oft seinna fyrir hefðbundnar línur okkar og þá á stærri skala,“ segir Luisa.

Línan kom nýverið út og mun því ekki koma á Íslandsmarkað fyrr en næsta sumar þar sem fyrsta H&M-búðin á Íslandi verður opnuð í ágúst. Luisa segist spennt að sjá hvernig Íslendingar bregðist við þessari línu. „Við höfum lært það af reynslunni að það er ekki nóg að línan sé sjálfbær, hún þarf líka að vera flott og endurspegla tíðarandann.“

**Spennt að sjá hegðun Íslendinga**

Einnig hefur Luisa áhuga á að sjá hversu opnir Íslendingar séu almennt fyrir sjálfbærni. „Það mun vera mitt starf á Íslandi að sjá hvaða áhrif ég get haft á íslenska neytendur til að hugsa meira um þetta. Það verður gaman að meta áhugann hér á landi.“

Nú þegar hefur H&M tekist að uppfylla nokkur af sjálfbærnimarkmiðum sínum. Vörur eru til að mynda fluttar með skipum en ekki flugvélum til að draga úr kolefnislosun, einnig hefur fyrirtækið takmarkað ýmislegt við vinnslu fatnaðarins, til dæmis er sandblástur á gallaefnum bannaður.

Í hönnunarsamstarfi við tískumerkið Kenzo voru föt hönnuð þannig að þau gátu hvort sem er verið rétthverf eða ranghverf, en þá var líklegra að fólk myndi nýta þau betur að sögn Luisu.

**Sólarorka næsta markmiðið**

Hún segir að næsta markmið sé í framleiðsluferlinu. Þar verður komið upp sólhlöðum á þökum til að geta nýtt sólarorku við framleiðslu. Luisa er ánægð með afrakstur síðustu ára en ljóst er að nóg verk er fyrir höndum á sviði sjálfbærni hjá sænska tískurisanum.


SÚRDEIGS
RÚGHRÖKKBRAUÐ!
MJÚKT BRAGÐ. STÖKKT HRÖKKBRAUÐ.
FULLKOMIÐ JAFNVÆGI.
ORIGINAL FINNISH RECIPE
FINN CRISP®
100% WHOLE GRAIN*
HIGH FIBRE
ORIGINAL
SOURDOUGH RYE THINS
200g e
Serving suggestion
*Thin Crisp contains 100% wholegrain rye of the grain ingredients.
GLÆNÝJAR
UMBÚÐIR!



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gísli Torfason**

lögg. endurskoðandi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 19. júlí. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 27. júlí kl. 13. Fjölskyldan vill koma á framfæri sérstökum þökkum til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaklega góða umönnun og hlýhug.

**Sólveig Birna Gísladóttir** **Einar Jóhannes Lárusson**
**Loftur Bjarni Gíslason** **Guðbjörg Sigríður Jónsdóttir**
**og barnabörn.**



Kærar þakkir fyrir hlýjar kveðjur og vinarhug vegna fráfalls og útfarar

**Jóns Sveinssonar**

Reyni í Mýrdal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Klausturhóla og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Vík og á Selfossi fyrir einstaka umönnun.

**Erla Pálsdóttir**
**Páll Jónsson** **M. Sigríður Jakobsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Sigurjón Árnason**
**Sigurlaug Jónsdóttir** **Ólafur Helgason**
**Sveinn Jónsson** **Jóna Svava Karlsdóttir**
**Jónatan G. Jónsson** **Valgerður Guðjónsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir** **Jón E. Einarsson**
**Einar Jónsson** **Ágústa Bárðardóttir**
**Guðbjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA




Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Sverrir Einarsson
Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




Ómar fór á Létti hringina tvo, en Léttir er sparneytin vespa sem þó kemst á þjóðvegahraða, eftir því sem eigandinn segir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Textinn Aðeins ein jörð er lesinn við tónlist frá NASA

**Ómar Ragnarsson hefur gefið út hljómdiskinn Hjarta landsins til að örva ferðagleði fólks og upplifun á náttúrunni og fór á lítilli vespu um landið að kynna hann. Hann hefur gert lög og texta frá því hann hóf sinn feril sem skemmtikraftur undir lok 6. áratugarins.**

Þú kemst frá Reykjavík á Egilsstaði með þessi lög í eyrunum,“ segir skemmtikrafturinn og fréttahaukurinn Ómar Ragnarsson um fjórfalda hljómdiskinn sem hann var að gefa út með 72 lögum og ber heitið Hjarta landsins. Lögin eru ólík og flytjendurnir líka en Ómar er ýmist höfundur laga eða texta eða hvors tveggja. „Þarna eru allt frá hátimbruðum ættjarðarlögum í hreint grín og kerskni,“ tekur hann fram. „Diskurinn á að örva ferðagleði fólks og upplifun á náttúrunni en frá gerólíkum sjónarhornum. Allar mögulegar aðferðir til þess koma við sögu svo sem hestaferðir, fjallgöngur, siglingar, jöklaferðir og jeppaferðir. Elstu upptökur eru frá 1964 eða 5 en langflestar frá síðustu árum.“

Kveikjuna að útgáfunni segir Ómar vera fjölmennar baráttusamkomur fyrir tveimur árum sem snerust um stóran þjóðgarð á miðhálendi Íslands. „Ég lagði í það púkk lag sem ég kalla Hjarta landsins. Það atriði gekk vel og sú hugmynd kviknaði að tjaldabaki að gefa það út. Útgáfan nú er afsprengi þeirrar hugmyndar – fjórir diskar en tveir þeirra eru endurútgefnir. Hins vegar eru 28 lög sem aldrei hafa komið út á diski áður.

> **Ég fór hringina tvo, bæði þjóðveg 1 og Vestfirði, og lagði að baki 2.028 kílómetra á innan við fjórum sólarhringum. Var með heilt hljómflutningskerfi og hélt 22 kynningar á leiðinni, þrenna tónleika, sendi tólf hlaðvarpspistla á netinu og enn fleiri fésbókarpistla með myndum úr ferðinni.**

Einn texti, Aðeins ein jörð, er lesinn við tónlist frá NASA en elsti textinn er frá 1601 eða 2. Hann er eftir William Shakespeare, ég söng hann á Þrettándakvöldi Herranætur 1959.“

Spurður hvort einhver texti standi honum nær en annar svarar Ómar: „Já, Hjarta landsins og líka Land mitt og þjóð. Eitt er eiginlega sálmur, Yndislega land sem er sungið af Pálma Gunnarssyni. Ég reyndi alltaf að velja flytjendur og útsetjara sem ég tel að passi lögunum, bara Bubbi Morthens átti að syngja Maður og hvalur – enginn annar. En allir geta sungið baráttusönginn Horfum fram. „Hann var endanlega slípaður þegar ég var í Stjórnlagaráði enda blandaður hópur sem syngur hann á diskinum, ég kalla hópinn Þjóðlagaráð.“

Ómar segir fólk nota nýjar aðferðir nú til dags við að dreifa tónlist. „Egill Ólafs ætlar að gefa út 300 eintök á vínyl og árita allt og Páll Óskar ætlar að fara með 300 stykki persónulega heim til hvers kaupanda. Mín aðferð var að fara fyrstu trúbadorferðina um landið á sparneytnasta vespuhjóli sem nær þjóðvegahraða. Það heitir Léttir. Fór hringina tvo, bæði þjóðveg 1 og Vestfirði, og lagði að baki 2.028 kílómetra á innan við fjórum sólarhringum. Var með heilt hljómflutningskerfi og hélt 22 kynningar á leiðinni, þrenna tónleika, sendi tólf hlaðvarpspistla á netinu og enn fleiri fésbókarpistla með myndum úr ferðinni. Bara til að stimpla eitthvað inn sem er einstakt.“

Nú er Ómar að taka upp Ferðastiklur vestur á fjörðum með Láru dóttur sinni og svo stefnir öll fjölskyldan til Brussel um næstu helgi til að vera við brúðkaup.

**gun@frettabladid.is**



# Merkisatburðir

**1929** Landakotskirkja í Reykjavík er vígð með mikilli viðhöfn. Hún er teiknuð af Guðjóni Samúelssyni.

**1939** Tveir þýskir kafbátar koma til Reykjavíkur, þeir fyrstu sem koma í íslenska höfn.

**2011** Mannskæð hryðjuverk eru framin í Noregi með sprengjuárás á stjórnarbyggingar í Ósló og skotárás á samkomu ungmennahreyfingar í Útey. Að minnsta kosti 76 láta lífið. Öfgamaðurinn Anders Behring Breivik er handtekinn fyrir að standa á bak við árásirnar.

**2011** **Eden í Hveragerði** brennur til kaldra kola í stórbruna.

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, afa og langafa,

**Helga Þórarins Guðnasonar**

Álfkonuhvarfi 55, Kópavogi.

**Guðlaug Einarsdóttir**
**Guðný Helgadóttir** **Linda Björk Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,

**Einar Ólafur Steinsson**

Furuási 8, Hafnarfirði,

lést af slysförum mánudaginn 17. júlí. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 26. júlí klukkan 13.

**Sigríður Dagbjört Jónsdóttir**
**Hildur Einarsdóttir**
**Jón Einarsson**
**Haukur Einarsson**
**Elísabet Einarsdóttir**
**tengdabörn og barnabörn**
**Steinn Erlingsson**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, sonar, afa og bróður,

**Davíðs Wallace Jack**

flugvirkja, Blikanesi 2, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 13EG á LSH við Hringbraut og líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir góða umönnun og hlýja nærveru. Guð blessi ykkur öll.

**Bergdís Ósk Sigmarsdóttir**
**Róbert Jack** **Díana Dröfn Heiðarsdóttir**
**Sigmar Jack** **Hege Elisabeth Wennersgaard**
**Vigdís Jack**
**barnabörn og systkini hins látna.**

---



Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæru

**Guðrúnar Kristjánsdóttur**

Við sendum starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Lögmannshlíðar innilegar þakkir fyrir ómetanlega alúð og hugulsemi.

**Angantýr Einarsson** **Auður Ásgrímsdóttir**
**Bergþóra Einarsdóttir** **Eyjólfur Friðgeirsson**
**barnabörnin öll og fjölskyldur þeirra.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigjón Bjarnason**

Brekkubæ, Hornafirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands þriðjudaginn 18. júlí.

**Kristín Einarsdóttir**
**Einar Sigjónsson**
**Bjarni Sigjónsson** **Ásthildur Gísladóttir**
**Þórólfur Sigjónsson** **Guðný Vésteinsdóttir**
**Ragnheiður L. Sigjónsdóttir**
**Helga V. Sigjónsdóttir** **Þór Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Aldís Petra Albertsdóttir**

áður til heimilis á Krókatúni 8, Akranesi,

andaðist á dvalarheimilinu Höfða þriðjudaginn 4. júlí. Jarðarförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 24. júlí kl. 13.00.

**Hinrik Helgi Hallgrímsson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Guðrún Hallgrímsdóttir**
**Sigríður Hallgrímsdóttir** **Sigurður Már Jónsson**
**Petrína Hallgrímsdóttir**
**Ragnhildur Hallgrímsdóttir** **Guðjón Arnar Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Mildred Sofie Kárason**

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 10. júlí. Útförin fór fram í kyrrþey í Seljakirkju 18. júlí. Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar fyrir góða umönnun.

**Rita Lúkasdóttir** **Hörður Hilmarsson**
**Pétur Nygaard Lúkasson** **Elva Björk Elvarsdóttir**
**Karen Lúkasdóttir** **Erik Todal**
**barnabörn og langömmubarn.**

---



Eiginkona mín,

**Vigdís Sigurðardóttir**

frá Svalbarði,

verður jarðsungin frá Þórshafnarkirkju 25. júlí klukkan 14.00. Jarðsett verður í Svalbarðskirkjugarði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigtryggur Þorláksson**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Anna Skarphéðinsdóttir**

Skipasundi 84,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 18. júlí . Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 1. ágúst kl. 13.00.

**Rannveig B. Ragnarsdóttir** **Ragnar Ólafur Ragnarsson**
**Jóhannes H. Steingrímsson** **Anna Kristín Pétursdóttir**
**Ingvar Orri** **Berglind**
**Eyrún Anna** **Ingunn**
**Ragnar Ingi**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Magnús Erlendsson**

húsgagnasmiður, Kleifahrauni 3b, áður til heimilis á Illugagötu 12, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Vestmannaeyjum miðvikudaginn 19. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Ása Ingibergsdóttir**
**Ingibergur Einarsson** **Sigríður K. Finnbogadóttir**
**Sigríður Einarsdóttir** **Baldvin Örn Arnarsson**
**Ágúst Einarsson** **Iðunn D. Jóhannesdóttir**
**Helgi Einarsson** **Agnes B. Benediktsdóttir**
**Hrefna Einarsdóttir** **Pétur Jónsson**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Guðrún Stefánsdóttir**

Dalbraut 20,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Vífilsstöðum þann 14. júlí. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju mánudaginn 24. júlí kl. 13.00.

**Þóra Ólafsdóttir**
**Stefán Ólafsson** **Ingunn Magnúsdóttir**
**Kolbrún Ólafsdóttir** **Magnús Sigurðsson**
**Sigrún Ólafsdóttir** **Fjalar Kristjánsson**
**Sólrún Ólafsdóttir** **Gunnar Sigmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Jónsdóttir**

fædd 21.10. 1921,

andaðist á Grund 18. júlí sl. Minningarathöfn fer fram síðar.

**Guðrún O'Brien** **Richard O'Brien**
**Arthur D. O'Brien**
**Svava O'Brien** **Andri Baldvinsson**
**Marianna Knauf** **Rolf Knauf**
**Richard Otto O'Brien** **Bára Ragnhildardóttir**
**Karen O'Brien** **Joseph Barnett**
**og barnabörn.**

---



Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför okkar ástkæru

**Elínar Böðvarsdóttur**

Hjallabraut 1, Hafnarfirði.

**Einar Ragnarsson**
**Sonja Ragnarsdóttir**
**Jónína Ragnarsdóttir** **Ebeneser Sayi Fakolade**
**Ebenezer Einarsson** **Birna Rún Eiríksdóttir**
**Jónína Ebenezerdóttir** **Böðvar Valgeirsson**
**Gabríel, Ismael, Nadia, Jayden, Emilia og Manuela**
**Guð blessi ykkur öll.**

---



Elskulegur sonur okkar,

**Guðmundur Helgi Helgason**

lést 10. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 25. júlí kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krýsuvíkursamtökin.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Ingveldur Jónsdóttir**
**Helgi Guðmundsson**

---



Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð við fráfall móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Maríu Einarsdóttur**

frá Lambhól, Reynihvammi 1, Kópavogi.

**Einar Ólafsson** **Anna Sigmundsdóttir**
**Viðar Ólafsson** **Rannveig Tómasdóttir**
**Ólafía Jóna Ólafsdóttir** **Þór Ingvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær systir og frænka,

**Kristjana Þuríður Andrésdóttir**

**(Systa),**

lést á Vífilsstöðum þann 5. júlí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Anna Andrésdóttir**
**Kristín Pétursdóttir**
**Andrea Pétursdóttir og fjölskylda**
**Jón Pétursson og fjölskylda**

# Kominn tími til að stilla saman strengi

**Tvíburasysturnar Gyða og Kristín Anna Valtýsdætur sem skutust upp á stjörnuhimininn um síðustu aldamót með Múm munu koma í fyrsta skipti fram tvær saman á stofutónleikum á Gljúfrasteini á morgun.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við höfum aldrei haldið tónleika saman, bara tvær. Erum greinilega ekki með bisnissvitið í botni. En Gyðu bauðst að spila á Gljúfrasteini og hún spurði hvort ég vildi ekki vera með henni. Þá var kannski kominn tími til að stilla saman strengi – á hljóðfærum. Það þurfti tilefni til,“ segir Kristín Anna Valtýsdóttir sem ætlar að spila og syngja á tónleikum í húsi skáldsins á morgun klukkan 16 með tvíburasystur sinni Gyðu.

„Dagskráin okkar fer út um víðan völl því við verðum bæði með okkar eigin tónsmíðar og annarra og spilum á selló, píanó og gítar og syngjum,“ upplýsir Gyða. Kristín Anna bætir um betur: „Við ætlum að spila klassísk verk sem okkur eru hugleikin, útsetningu Gyðu á þýskum ljóðasöng og nokkur þjóðlög, frá Írlandi og Katalóníu. Eitt gamalt íslenskt dægurlag sem ég pikkaði upp af plötu hjá ömmu minni flýtur með. Það er lag sem fáir þekkja en er eftir Hörð Torfa við ljóð eftir Stein Steinarr og heitir Slóðu hægt mitt hjarta. Ég tók það einhvern tíma upp á kasettu fyrir löngu og gaf út á fágætri sjötommu.“

Þriðja systirin, Ásthildur, kemur líka fram á Gljúfrasteini að sögn Gyðu. Skyldi hún vera farin að keppa við þær? „Nei, nei, Hún er miklu betri en við í öllu, enda eldri. Þess vegna verðum við tvíburarnir að leggja okkar krafta saman. Hún syngur smá með okkur. Annars er hún að klára lögfræði.“

> **VIÐ VORUM SVOLÍTIÐ LENGI AÐ STÖKKVA Á ÞESSA SAMSKIPTAMIÐLA, SKYPE OG SVOLEIÐIS. SKRIFUÐUM FREKAR BARA BRÉF Í PÓSTI.**
>
> Gyða



Gyða og Kristín Anna. Einhvern veginn tókst þeim að vera hvor í sinni heimsálfu í áratug og skrifa hvor annarri bara bréf í pósti en nú eru þær að treysta böndin og þreifa eftir rótunum á Íslandi. MYND/LAUFEY ELÍASDÓTTIR

Þær systur vöktu upphaflega athygli um síðustu aldamót sem hluti poppsveitarinnar Múm en Gyða sagði skilið við þá sveit árið 2002 og Kristín Anna 2006. Báðar héldu þær samt áfram í tónlistarsköpun, hvor á sínum forsendum. Kristín fór að koma ein fram með tónlist sína eftir að hún fluttist til New York 2006 og kallaði sig þá Kríu Brekkan, gaf út nokkrar dularfullar upptökur á 7" og geisladiski. Kveðst líka á tímabili hafa leiðst algjörlega út í gjörningalistform.

„Leiðir skildi dálítið mikið þegar Gyða hætti í Múm og fór í sellónámið sitt. Ég flutti til Berlínar, svo fór hún til Rússlands og ég til Ameríku og hún til Þýskalands meðan ég var í Ameríku. Einhvern veginn tókst okkur að vera hvor í sinni heimsálfu í áratug,“ lýsir Kristín Anna. „Og ekkert í miklu sambandi,“ segir Gyða. „Við vorum svolítið lengi að stökkva á þessa samskiptamiðla, Skype og svoleiðis. Skrifuðum frekar bara bréf í pósti.“

Reyndar höfum við unnið talsvert með Ragnari Kjartans. Hann leiddi okkur dálítið saman,“ heldur Gyða áfram og nefnir meðal annars verkin The Visitors og Forever Love.

„Já,“ segir Kristín Anna. „Ragnar fékk okkur og tvíburabræðurna úr rokksveitinni The National til að semja tónlistina og fremja gjörninginn Forever Love. Lékum í upphafi par sem gengur um sviðsmyndarlandslag og syngjur. Það verk byggði algjörlega á tvíbura-sviðstrikkum og því vorum við eins klædd og klippt. Það var innblásandi fyrir okkur systur að kynnast þeim tvíburabræðrum Aaron og Bryce og sjá styrkinn sem það gaf þeim að vera eins nánir og þeir eru.

Ragnar tók tvíburaímyndina sem við Gyða vorum kannski ómeðvitað að reyna að brjótast undan og fékk okkur til að ...“ „... umfaðma hana og sjá fegurðina og húmorinn,“ botnar Gyða.



Systurnar við æfingu á sviðsverkinu Forever Love eftir Ragnar Kjartansson.

Á Gljúfrasteini segir Gyða þær ætla að flytja eitt lag sem þau sömdu öll fimm saman, þær, strákarnir og Ragnar, við ljóð eftir Shelley og heitir Music. „Við höfum flutt það lag bæði í brúðkaupi og jarðarför, það er tær klassík.“

Nú eru þær systur einmitt að æfa fyrir Gljúfrasteinstónleikana, staddar á æskuheimilinu í Elliðaárdalnum. Segjast hafa alist þar upp við spilamennsku og söng en þó hafi aldrei hvarflað að þeim í uppvextinum að tónlistin gæti orðið atvinna þeirra. „En við fórum báðar í klassískt nám þegar við vorum börn, ég á píanó og Gyða á selló,“ segir Kristín Anna. „Ég hætti á píanói fyrir tvítugt og leit ekki við því í nokkur ár en Gyða fór alla leið, tók alveg tvöfalda mastersgráðu, eina fyrir mig líka.“

Tónlistarverkefnin hafa leitt þessar systur út um allan heim og þær vilja ekki lesa á prenti að þær séu „komnar til að vera“ á Íslandi. Gyða segist þó farin að vera meira á Íslandi en úti. „En er með svona þrjár tær í New York,“ segir hún. „Ég er líka búin að fatta að ég bara breyti til eftir því sem ég hef þörf fyrir. Núna þarf ég að vera meira hér heima en áður.“

Kristín Anna kveðst líka hafa verið á flakki út um allar trissur í áratug. „Ég hélt ég hefði enga sérstaka tengingu við Ísland en svo bara þurfti ég að koma heim og þreifa eftir rótunum. Það vildi svo til að það var á sama tíma og Gyða fann fyrir álíka þörf. Kannski er það partur af leitinni okkar að bindast aftur sterkari böndum.“

## Nýjustu viðfangsefni systranna

**Gyða gaf út plötuna Epicycle síðasta vetur, þar sem hún útsetti og flutti ýmis verk úr tvö þúsund ára sögu skrifaðrar tónlistar eftir eigin höfði. Nú er hún að vinna í plötu með eigin verkum.**

**Auk þess er hún að gera tónlist fyrir kvikmyndina Mikhel sem verður frumsýnd í haust.**

**Kristín Anna gaf fyrir tveimur árum út spunaplötuna Howl. Brátt mun koma út plata með upptökum af píanósönglögum sem hún hefur samið síðan 2005 og verið að vinna að af og á í tvö ár.**

> **ÉG HÉLT ÉG HEFÐI ENGA SÉRSTAKA TENGINGU VIÐ ÍSLAND EN SVO BARA ÞURFTI ÉG AÐ KOMA HEIM OG ÞREIFA EFTIR RÓTUNUM.**
>
> Kristín Anna




habitat SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10–18
OG SUN KL. 13–17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

**LÁRÉTT**

**1** Heilbrigð sál er yndislegt fyrirbæri (9)
**10** Hvetja til tuðs að hætti tuðara (12)
**12** Held þau skaði þallirnar (9)
**13** Hugur þinn við heljar klett á enn von (12)
**14** Setti snagana á gangana í einhverju rugli (7)
**15** Dýrkar aðalsmann vegna nafnbótarinnar (12)
**16** Má kalla Hæni skítakóng? (9)
**17** Hann er fyrtinn, erfiður og léttruglaður (7)
**18** Tel þá láta vel að stjórn ef nóg fé er í boði (9)
**19** Farg skekkir línurit (4)
**20** Komast í hræið (5)
**21** Nýjasta íslenska spendýrið ann Kína (7)
**22** Er þjóðarblóm Skota þistill en Íra lárviðarrós? Bull! (5)
**25** Harðráðar rúllur (8)
**29** Vil að þú æðir um allan sjó, þvert á allar merkingar (8)
**34** Nýttu úrhlaupið til að klífa líkneskið (11)
**36** Hvernig verður skutur stefni á ný? (10)
**37** Lestur langintesanna gengur vegna hinna opinberu fyrirgreiðslna (11)
**38** Hljóma einsog lastari hjá þessu kærleikskjaftæði (10)
**39** Arfleiddu mig að snilld sinni (10)
**40** Rosa staðsetning fyrir harða (9)
**41** Sætt brauð eða ósæt kaka? Þar liggur efinn (9)

**LÓÐRÉTT**

**1** Mun standa ríkjamótum fyrir þrifum, einkum í Skotlandi (13)
**2** Þessu sjá búkbakteríurnar eftir (13)
**3** Reynir að finna réttu orðin fyrir Google (13)
**4** Hundabani í húsi, með baneitruðu blóminu (13)
**5** Langar inneftir götu, þar eru skilrúmin í bænum (12)
**6** Er þar mikið flæði hinna feitustu hrossa (12)
**7** Bauð mér ríkidæmi ríka herrans (12)
**8** Sóttir ropann flæktan í öngum einnar sem ei var vaxin (12)
**9** Enskuskotin sýning haugbúanna í hafinu (12)
**11** Segir forättubrimið minna á göngu grassins (11)
**23** Þegar hjal smábarna snýst um síðerma boli (9)
**24** Tók eftir skessunni í hellisopi (6)
**26** Vantar nafn á þetta tímarit og forsíðu líka (9)
**27** Eftirskjálfti verður þá er norn fer hjá, gandi sínum á (9)
**28** Teikna undirstöðu og grunna hana svo (8)
**30** Róleg sem prins, en assgoti léleg (8)
**31** Hækka laun með bónusi (8)
**32** Hnusa af tómi til að hnusa með? (8)
**33** Fyrirsögn Ármanns um framtíð sjáenda (8)
**35** Blaut síða blekuð (7)





**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast manneskjur sem eru mikið í sviðsljósinu þessa dagana (13) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 21. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „29. júlí".

Lausnarorð síðustu viku var

**G A R Ð Y R K J U S T Ö R F**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | 3 | | 6 | |
| | | 5 | 4 | | 2 | 8 | 3 | 7 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | |
| | | | | 3 | | 6 | 5 | |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |
| | 7 | | | | 4 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 7 | 1 |
| | 2 | 3 | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | 7 | | | | 1 | |
| | 5 | 1 | | 8 | | | | |
| 6 | | 7 | | | 4 | | | |
| | 7 | | | | 9 | | | 4 |
| | | 2 | | | 3 | 6 | 5 | |
| 4 | | 6 | | | | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 2 | | 3 | 8 | | | 1 | | |
| 5 | 4 | | | | | | | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |
| 9 | | | 2 | | 7 | | | |
| | | 2 | 9 | | 5 | 7 | | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 5 | | 6 | | 9 | 8 |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | 6 | 3 |
| | | 7 | | | | | | 5 |



**FORLAGIÐ**

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Eftirlýstur** eftir **Lee Child** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sigurður Briem, Garðabæ.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 |
| 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 3 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 2 | 7 | 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 2 | 3 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 6 | 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 4 |
| 3 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 3 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson

Katalimov átti leik gegn Kolpakov í Ríga í Lettlandi árið 1975.
**Hvítur á leik**
**1. Dg6! Dxg6 2. Hh8+ 1-0.**
Xtracon-mótið hefst í dag í Helsingör í Danmörku. Fimm íslenskir skákmenn taka þátt og þar á meðal nýkrýndur Norðurlandameistari, Jóhann Hjartarson.

**www.skak.is:** Íslendingar erlendis.



## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## ÓVÆNT PASS

Það er erfitt að trúa því og fáum dytti það í hug að fyrsta sögn austurs gæti verið pass á meira en helminginn af punktunum. En það var samt raunin á báðum borðum í leik tveggja sterkra sveita. Spilið kom fyrir í bikarleik Bridgesambands Íslands í annarri umferð (Bikarkeppni BSÍ fer fram í sumar). Tvær sterkar sveitir mættust, Akureyri Hótel (Frímann Stefánsson, Reynir Helgason, Pétur Guðjónsson, Björn Þorláksson) og Hótel Hamar (Jón Baldursson, Sigurbjörn Haraldsson, Aðalsteinn Jörgensen, Bjarni H. Einarsson). Heimamenn leiddu eftir fyrstu lotu með 30 impum en töpuðu hinum þremur og Hótel Hamar vann því næsta örugglega með 131 impa gegn 67. Í þessu spili í þriðju lotu leiksins voru Frímann Stefánsson og Reynir Helgason í AV gegn Jóni Baldurssyni og Sigurbirni Haraldssyni í NS. Suður gefur og NS á hættu.

Eftir tvö pöss opnaði Jón Baldursson í norður á tveimur spöðum og Frímann í austur hélt á 21 punkti með sexlit í spaða! Aldrei þessu vant kom fát á hann vegna þessarar óvæntu meldingar og hann passaði ekki fyrr en eftir langa umhugsun. Það þykir nú ekki góður bridge, því búið var að útiloka að makker gæti gefið létt úttektardobl þegar kom að honum. Tveir spaðar fóru þrjá niður eftir að vörnin gaf sagnhafa færi á að trompa aukalega þegar hægt hafði verið að aftrompa hann. Á hinu borðinu gengu meldingar eins en þar lak enginn slagur og því þrír impar til Hótel Hamars.

**Norður**
♠ D108732
♥ 82
♦ Á972
♣ G

**Vestur**
♠ -
♥ D10764
♦ D854
♣ 8652

**Austur**
♠ ÁKG954
♥ K9
♦ K
♣ ÁK94

**Suður**
♠ 6
♥ ÁG53
♦ G1063
♣ D1073



## Konráð og félagar á ferð og flugi

„Almáttugur,“ hrópaði Róbert upp yfir sig. „Við erum föst hérna inni og munum aldrei komast út,“ bætti hann við skelfingu lostinn. „Enginn mun nokkurn tímann finna okkur og við munum svelta í hel.“ „Svona nú, Róbert minn,“ sagði Kata höstuglega. „Þetta er nú bara völundarhús og það er alltaf einhver leið út úr völundarhúsum.“

**Getur þú hjálpað Róberti og Kötu að komast út úr völundarhúsinu?**



Auður kann að meta sumarið og fara í útilegur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gleypti fyrstu tönnina sem ég missti

Auður Alma Brink Antonsdóttir er sjö ára og það besta við sumarið finnst henni að leika við Melkorku og Dýrleifu, vinkonur sínar, úti í góða veðrinu.

**Hvernig leikur þú þér helst?** Úti á trampólíni að fara heljarstökk og búa til hús úr púðum og teppum. Og að hjóla.

**Finnst þér gaman að ferðast?** Já, það er gaman en mér finnst ekki skemmtilegt að keyra mjög lengi. Mér finnst mjög gaman að fara í útilegu og sofa í tjaldi.

**Hefur þú áhuga á íþróttum?** Já, ég æfði fimleika í vetur og prófaði fótbolta í sumar.

**Áttu þér uppáhaldsdýr?** Kisa er uppáhaldsdýrið mitt, mig langar mikið að eignast lítinn kettling.

**Hver er besta bók sem þú hefur lesið?** Nei, sagði litla skrímslið.

**Uppáhaldsmaturinn?** Ristað brauð á Mokka og sætir kirsjuberjatómatar.

**Hvað er það skrítnasta sem hefur komið fyrir þig?** Þegar ég gleypti fyrstu tönnina sem ég missti þegar ég var að hoppa í sófanum. En ég var að missa fjórðu tönnina mína, núna framtönn, það var vont að bíta í epli þegar hún var mjög laus en núna er það allt í lagi.

## Leikurinn



### Köttur og mús

Einn þátttakandi á að vera köttur og annar mús en aðrir þátttakendur mynda hring og haldast í hendur.

Markmið kattarins er að veiða músina, annaðhvort fyrir innan hringinn eða utan, og upphefjast því mikil hlaup þar sem kötturinn eltir músina. Músin reynir að sjálfsögðu að flýja með því að skjótast ýmist inn í hringinn eða út úr honum aftur. Þeir sem mynda hringinn eiga að aðstoða músina við að sleppa en hindra köttinn í að ná henni.

Þegar kötturinn hefur náð músinni velja kötturinn og músin eftirmenn sína.



## Lestrarhestur vikunnar

### Maggý Nóa, 8 ára

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Að lesa þær.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Síðasta bókin sem ég las heitir Binna B. Bjarna og týnda tönnin, eftir Sally Rippin. Hún fjallar um það þegar Binna missti tönn.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Já, það var Harry Potter og leyniklefinn.

**Hvernig bækur þykir þér skemmtilegastar?** Ég hef mest gaman af fantasíubókum.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Norðlingaskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, það geri ég.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Að lesa bækur.



Maggý Nóa Emelíudóttir með verðlaunin sín, bókina Gestir utan úr geimnum.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Á bókasafninu skrifa þau nafn á áhugaverðri bók sem þau hafa lesið á bókarkjöl ásamt nafni, aldri og símanúmeri. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.

OKKAR SÉRSVIÐ ER
Háræðaslitsmeðferðir
HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098
Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

GROHE



-25%

TILBOÐSVERÐ

**STURTUSETT**
New Tempest III
**5.996kr.**
15327794
Almennt verð: 7.995 kr.

GROHE



-25%

TILBOÐSVERÐ

**ELDHÚSTÆKI**
Start Edge
**12.746kr.**
15331369
Almennt verð: 16.995 kr.

GROHE



-25%

TILBOÐSVERÐ

**STURTUTÆKI**
Grohtherm 1000 2015
**20.996kr.**
15334146
Almennt verð: 27.995 kr.

# FRAMKVÆMDA DAGAR TIL 31. JÚLÍ

SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á BYKO.IS

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.







TILBOÐSVERÐ

**PLASTPARKET**
hnota, 6 mm, þriggja stafa, 193x1380 mm.
**995kr./m$^2$**
0113453
Almennt verð: 1.295 kr./m$^2$

-23%

# NÚ ER TÍMINN!

## ÞÚ FÆRÐ ALLT EFNIÐ Í PALLINN OG SKJÓLVEGGINN HJÁ OKKUR

*Fáðu verð í pallinn hjá okkur!*
timbur@byko.is




### GAGNVARIN FURA

**PALLURINN**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058324 | 27x95 mm. | 2.040 kr./m² | 204 kr./lm* |
| 0058325 | 27x120 mm. | 1.864 kr./m² | 233 kr./lm* |
| 0058326 | 27x145 mm. | 2.070 kr./m² | 309 kr./lm* |

**SKJÓLVEGGURINN**

| | | |
|---|---|---|
| 0058252 | 22x45 mm. | 89 kr./lm |
| 0059253 | 22x70 mm. | 148 kr./lm |
| 0058254 | 22x95 mm. | 176 kr./lm* |
| 0058255 | 22x120 mm. | 235 kr./lm |

**GRIND OG UNDIRSTAÐA**

| | | |
|---|---|---|
| 0058502 | 45x45 mm. | 173 kr./lm* |
| 0058504 | 45x95 mm. | 280 kr./lm* |
| 0058506 | 45x145 mm. | 461 kr./lm* |
| 0059954 | 95x95 mm. | 679 kr./lm* |

*4,5 m og styttra.

REIKNAÐU ÚT EFNISKOSTNAÐ Á BYKO.IS

VERJUM VIÐINN

málning
**PALLAOLÍA**
margir litir, 4 l.
**3.835kr.**
86363040




TILBOÐSVERÐ

Einhell®

**BÚTSÖG**
TC-MS 2112
**11.755kr.**
74808295
Almennt verð: 16.795 kr.

-30%




BOSCH

-20%

TILBOÐSVERÐ

**HÁÞRÝSTIDÆLA**
AQT 33-11 110 bör
**11.995kr.**
74810231
Almennt verð: 14.995 kr.




# PALLA-LEIKUR BYKO

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi til 18. ágúst.

*Vertu með!*

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. MAÍ - 17. ÁGÚST 2017.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

FJÖLDI FRÁBÆRRA VINNINGA

# SUMAR ÚTSALA
**20-50% AFSLÁTTUR**

Broil King

**GASGRILL**
GEM 320 6,9 KW
brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar.
**31.995kr.**
50657521
Almennt verð: 42.895 kr.

-25%



Broil King

**GASGRILL**
BARON 490 18,5 Kw,
brennarakerfi úr ryðfríu stáli, 2,7 kW hliðar-brennari, 4,4 kW aftari grillteinsbrennari.
**89.995kr.**
50657488
Almennt verð: 105.895 kr.



BYKO
1962-2017
55 ára

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Vaxandi suðaustanátt í dag, 8-15 m/s við suðvesturströndina síðdegis, en 10-18 á norðanverðu Snæfellsnesi. Þar má búast við hvössum vindhviðum og ekki ráðlegt að ferðast á ökutækjum sem taka á sig mikinn vind þar. Rigning eða súld með köflum vestast á landinu, þungbúið, en úrkomulítið sunnan til, en birtir heldur til í uppsveitum suðvestanlands og inn til landsins norðvestanlands þegar líður á daginn. Áfram sólríkt og hlýtt norðaustanlands.

## Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 21° | 23° | 24° | 25° | 17° | 12° | 9° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madríd** | **Brussel** | **Róm** |
| 19° | 23° | 21° | 25° | 31° | 23° | 33° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 22° | 25° | 25° | 21° | 28° | 26° | 9° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 13° ↖10 | 15° ↖9 | 14° ↖9 | 17° ←9 | 12° ←5 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↑10 | 13° ↑5 | 15° ↙4 | 17° ↙3 | 16° ←5 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 19° →3 | 19° ↙3 | 20° ↙3 | 19° ↖8 | 17° ↖7 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 20° ↑8 | 21° ↓1 | 19° ↑7 | 17° ←7 | 14° ←6 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ←4 | 16° ↖4 | 12° ←5 | 17° ←12 | 11° ←9 |


Apótek Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim

Apótek Garðarbæjar í alfaraleið



Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010



KOMDU Í KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11–17

KVIKA


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is



Á sunnudögum er boðið upp á ókeypis jógatíma á Lofti. NORDICPHOTOS/GETTY

## 22. JÚLÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Úlfur Úlfur á Kex
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex Hosteli
Rapptvíeykið Úlfur Úlfur mun enda túr sinn um landið á Kex hosteli, þar má búast algjörri veislu fyrir augu og eyru.

**Hvað?** Kiriyama Family á Hverfisbarnum
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hverfisbarnum
Hverfisbarinn blæs til sannkallaðrar tónleikaveislu og ætlar sveitin Kiriyama Family að leika fyrir gesti nostalgíska eitíspoppið sem hún er þekkt fyrir. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Andrea og Bíóbandið
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Rosenberg
Andrea Gylfadóttir og Bíóbandið halda uppi stuðinu. Miðaverð er 2.500 krónur.

### Sýningar

**Hvað?** Finissage og útgáfupartí
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Harbinger
Lokahóf sýningarinnar Zing Zam Blunder í Harbinger fer fram. Á síðasta sýningardegi er útgáfu bókarinnar Zing Zang Blunder fagnað, bókin inniheldur teikningar eftir valda listamenn sem tóku þátt í sýningunni og er prentuð í 150 númeruðum eintökum. Sýningunni er stýrt af Brian Scott Campbell og þar má sjá teikningar eftir 24 bandaríska og íslenska listamenn.



### Uppákomur

**Hvað? Pop-up jóga**
**Hvenær? 14.00**
**Hvar? Grasagarðinum, Laugardal**
Allir velkomnir, ungir sem aldnir, reyndir og óreyndir jógar! Þátttakendur geta ýmist notað eigin dýnu eða fengið dýnu lánaða.

# Sunnudagur

## 23. JÚLÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Ceasetone
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Ceasetone byrjaði árið 2012 sem sólóverkefni Hafsteins Þráinssonar. Hljómsveitin hefur síðan þá tekið miklum breytingum bæði hvað varðar fjölda meðlima og tegund tónlistar. Hægt er að lýsa tónlist þeirra sem einhvers konar indie-folk sem er undir áhrifum frá klassískri tónlist og raftónlist. Fyrsta plata sveitarinnar Two Strangers, fékk góðar móttökur og var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2016. Á Pikknikk tónleikunum mun forsprakki sveitarinnar, Hafsteinn Þráinsson, spila órafmagnað með hjálp sellóleikara.

### Uppákomur

**Hvað?** Sunday Yoga at Loft
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Lofti
Ókeypis klukkustundarlangur jógatími. Jógakennarinn og dansarinn Viktor Már er kennari. Tíminn hentar öllum.

**Hvað?** Jóga og gongslökun í Viðey
**Hvenær?** 13.15
**Hvar?** Viðey
Í dag verður boðið upp á hressandi jógagöngu um Viðey sem endar með endurnærandi gongslökun. Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir jógakennari leiðir gönguna og gerðar verða styrkjandi jógaæfingar undir beru lofti. Gongslökun nýtur sívaxandi vinsælda því heilandi tónar hljóðfærisins hjálpa fólki að kyrra hugann og ná djúpri slökun. Siglt verður stundvíslega frá Skarfabakka klukkan 13.15. Þeim sem vilja fá sér léttan hádegisverð í Viðeyjarstofu fyrir jógagönguna er bent á að taka ferjuna klukkan 12.15.

**Hvað?** Bókmenntaklúbbur: Grandagalleríi
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Samtökunum '78, Suðurgötu 3
Viðfang bókmenntaklúbbs Samtakanna '78 í júlí er Grandagallerí: skýin á milli okkar, smásaga eftir Júlíu Margréti Einarsdóttur sem kom út haustið 2016 sem hluti af Meðgöngumálum Partusar. Í lok viðburðarins munum við síðan ákvarða leslista klúbbsins fram til áramóta.












# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** **Strumparnir**
**07.25** **Waybuloo**
**07.45** **Mæja býfluga**
**08.00** **Stóri og litli**
**08.15** **Með afa**
**08.25** **Nilli Hólmgeirsson**
**08.40** **K3**
**08.50** **Tindur**
**09.00** **Víkingurinn Viggó**
**09.15** **Pingu**
**09.20** **Tommi og Jenni**
**09.45** **Loonatics Unleashed**
**10.10** **Ævintýri Tinna**
**10.35** **Ninja-skjaldbökurnar**
**10.55** **Beware the Batman**
**11.20** **Ellen**
**12.00** **Bold and the Beautiful**
**13.20** **Bold and the Beautiful**
**13.45** **Friends**
**14.10** **Grand Designs**
**15.00** **Brother vs. Brother**
**15.40** **Britain's Got Talent**
**17.35** **Blokk 925** Nýir og skemmtilegir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar. Í þáttunum er sýnt fram á hvaða leiðir ungt fólk getur farið til að eignast eigin heimili án þess að þurfa að borga fimm eða sex hundruð þúsund krónur á fermetrann. Um leið munu tvö teymi taka sína íbúðina hvort í gegn frá A til Ö á ódýran, spennandi og fallegan hátt.
18.00 Sjáðu
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Sportpakkinn**
**19.05** **Lottó**
**19.10** **Top 20 Funniest 2**
**19.55** **The Yellow Handkerchief**
**21.30** **Ride Along 2** Hörkuspennandi gamanmynd frá 2016 með Ice Cube og Kevin Hart. Eftir ævintýrin í fyrri myndinni er Ben nú orðinn lögreglumaður sjálfur og er að vona að mágur hans leyfi honum að koma með í sitt næsta verkefni, en það snýst um að stöðva eiturlyfjabarón í Flórída sem er ábyrgur fyrir auknu streymi eiturlyfja til Atlanta, heimaborgar þeirra.
**23.15** **American Heist**
**00.50** **Solace**
**02.30** **Sisters** Stórskemmtileg gamanmynd frá 2015 með Tinu Fey og Amy Poehler. Eins og nafnið bendir til segir hér af systrum, en þær heita Kate og Maura og er óhætt að fullyrða að þær séu ekki alveg eins og fólk er flest. Þegar þær frétta að foreldrar þeirra ætli að selja æskuheimili þeirra, risastórt og vandað hús á besta stað í bænum, ákveða þær að halda í því kveðjuhóf á meðan foreldrarnir bregða sér frá. Áhorfendum er svo boðið að fylgjast með kostulegum undirbúningi veislunnar þar sem, eins og flestir ættu að geta giskað á, allt fer heldur betur úrskeiðis með verulega skondnum afleiðingum.
**04.25** **Getting On**
**04.55** **Beware the Slenderman**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.25** **Teigurinn**
**08.10** **Inkasso-deildin 2017**
**09.50** **Premier League Asia Trophy**
**12.05** **1 á 1**
**12.20** **Liverpool-Leicester**
**14.35** **Bayern München-AC Milan**
**16.15** **Teigurinn**
**17.00** **1 á 1**
**17.25** **Goðsagnir efstu deildar**
**18.15** **Pepsí deild kk - FH-ÍA**
**20.00** **NBA**
**20.20** **Manchester United-Manchester City**
**22.00** **Juventus-Barcelona**
**00.00** **Paris St. Germain-Tottenham Hotspur**

## STÖÐ 3

**16.25** **One Born Every Minute**
**17.15** **Baby Daddy**
**17.40** **One Big Happy**
**18.05** **Raising Hope**
**18.30** **The New Girl**
**18.55** **Curb Your Enthusiasm**
**19.25** **Modern Family**
**19.50** **The Amazing Race. All Stars**
**20.35** **Baby Daddy**
**21.00** **Fresh Off The Boat**
**21.25** **NCIS Los Angeles**
**22.10** **Mildred Pierce**
**23.30** **The Mentalist**
**00.15** **Bob's Burgers**
**00.40** **American Dad**
**01.05** **Curb Your Enthusiasm**
**01.40** **Modern Family**
**02.05** **The Amazing Race. All Stars**
**02.50** **Baby Daddy**
**03.15** **Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** **Áfram Diego, áfram!**
**07.24** **Svampur Sveinsson**
**07.49** **Lalli**
**07.55** **Rasmus Klumpur**
**08.00** **Lína langsokkur**
**08.25** **Hvellur keppnisbíll**
**08.37** **Ævintýraferðin**
**08.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00** **Víkingurinn Viggó**
**09.11** **Zigby**
**09.25** **Stóri og Litli**
**09.38** **Ljóti andarunginn og ég**
**10.00** **Dóra könnuður**
**10.24** **Mörgæsirnar**
**10.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00** **Áfram Diego, áfram!**
**11.24** **Svampur Sveinsson**
**11.49** **Lalli**
**11.55** **Rasmus Klumpur**
**12.00** **Lína langsokkur**
**12.25** **Hvellur keppnisbíll**
**12.37** **Ævintýraferðin**
**12.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00** **Víkingurinn Viggó**
**13.11** **Zigby**
**13.25** **Stóri og Litli**
**13.38** **Ljóti andarunginn og ég**
**14.00** **Dóra könnuður**
**14.24** **Mörgæsirnar**
**14.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00** **Áfram Diego, áfram!**
**15.24** **Svampur Sveinsson**
**15.49** **Lalli**
**15.55** **Rasmus Klumpur**
**16.00** **Lína langsokkur**
**16.25** **Hvellur keppnisbíll**
**16.37** **Ævintýraferðin**
**16.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00** **Víkingurinn Viggó**
**17.11** **Zigby**
**17.25** **Stóri og Litli**
**17.39** **Brunabílarnir**
**18.00** **Könnuðurinn Dóra**
**18.24** **Mörgæsirnar**
**18.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00** **Lína langsokkur á ferð og flugi**



**Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24**

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** **Golfing World 2017**
**09.00** **The Open Championship 2017**
**19.00** **Marathon Classic**
**21.00** **Inside the PGA Tour 2017**
**21.25** **Golfing World 2017**
**22.15** **The Open Championship 2017**

## BÍÓSTÖÐIN

**08.20** **Night At The Museum: Secret of the Tomb**
**09.55** **Dumb and Dumber To**
**11.45** **Earth to Echo**
**13.15** **How to Be Single**
**15.05** **Night At The Museum: Secret of the Tomb**
**16.45** **Dumb and Dumber To**
**18.35** **Earth to Echo**
**20.10** **How to Be Single**
**22.00** **Fathers & Daughters**
**23.55** **The Driftless Area**
**01.30** **Black Mass**
**03.35** **Fathers & Daughters**
**06.55** **Seven Years in Tibet** Mynd frá árinu 1997 með Brad Pitt í aðalhlutverki. Á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar leggur Heinrich Harrer upp í ferð um Himalajafjöllin ásamt vini sínum. Félagarnir lenda í miklum hrakningum en koma að lokum til borgarinnar Lasa í Tíbet þar sem Heinrich gerist trúnaðarvinur andlegs leiðtoga Tíbeta, Dalai Lama.

## RÚV

**07.00** **KrakkaRÚV**
**07.01** **Kioka**
**07.08** **Ofurgroddi**
**07.15** **Lundaklettur**
**07.22** **Ólivía**
**07.33** **Friðþjófur Forvitni**
**07.56** **Símon**
**08.01** **Molang**
**08.04** **Kúlugúbbarnir**
**08.27** **Hvolpasveit**
**08.50** **Hrói Höttur**
**09.02** **Skógargengið**
**09.14** **Alvinn og íkornarnir**
**09.25** **Zip Zip**
**09.37** **Lóa**
**09.50** **Litli prinsinn**
**10.15** **Best í flestu**
**10.55** **Sjöundi áratugurinn – Tímarnir líða og breytast**
**11.35** **David Attenborough: Haldið í háloftin**
**12.30** **Íslandsmótið í golfi**
**15.15** **Ísland - Sviss**
**18.25** **Táknmálsfréttir**
**18.35** **KrakkaRÚV**
**18.36** **Undraveröld Gúnda**
**18.45** **Vísindahorn Ævars III**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Veður**
**19.45** **Scent of a Woman**
**22.20** **EM kvenna: Samantekt**
**22.40** **Self/less**
**00.35** **Louder Than Bombs**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **King of Queens**
**08.45** **King of Queens**
**09.05** **How I Met Your Mother**
**09.30** **How I Met Your Mother**
**09.50** **Odd Mom Out**
**10.15** **Parks & Recreation**
**10.35** **Black-ish**
**11.00** **The Voice USA**
**12.30** **The Biggest Loser**
**13.15** **The Bachelor**
**14.45** **Adele: Live in New York**
**15.30** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**16.00** **Rules of Engagement**
**16.25** **The Odd Couple**
**16.50** **King of Queens**
**17.15** **Younger**
**17.40** **How I Met Your Mother**
**18.05** **The Voice Ísland**
**19.05** **Friends With Better Lives**
**19.30** **Glee**
**20.15** **Field of Dreams**
**22.05** **Cosmopolis**
**23.55** **Scandal**
**03.40** **Scandal**
**04.25** **Main Street**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Waybuloo**
**07.45 Ævintýraferðin**
**07.55 Mæja býfluga**
**08.10 Kormákur**
**08.20 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn**
**08.30 Blíða og Blær**
**08.55 Lína langsokkur**
**09.20 Grettir**
**09.35 Pingu**
**09.40 Tommi og Jenni**
**10.05 Kalli kanína og félagar**
**10.30 Lukku-Láki**
**10.55 Ninja-skjaldbökurnar**
**11.20 Ellen**
**12.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 Friends**
**14.10 Masterchef USA** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.
**14.55 The Secret Life of 4 Year Olds**
**15.45 Dulda Ísland**
**16.40 Svörum saman**
**17.10 Feðgar á ferð** Þriðja sería þessara frábæru þátta þar sem feðgarnir Magnús Hlynur og Fannar Freyr ferðast um landið sunnanvert og heimsækja skemmtilegt fólk sem á það sameiginlegt að hafa einstaklega jákvæða sýn á lífið.
**17.40 60 Minutes**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.10 World of Dance**
**20.00 Blokk 925**
**20.25 Grantchester** Þriðja sería þessara bresku spennuþátta sem byggðir eru á metsölubókum rithöfundarins James Runcie og fjalla um prestinn Sidney Chambers og lögreglumanninn Geordie Keating sem rannsaka flókin sakamál í bænum sínum, Grantchester, á sjötta áratug síðustu aldar.
**21.15 Gåsmamman**
**22.00 60 Minutes**
**22.45 Vice**
**23.20 Suits**
**00.05 Rizzoli & Isles** Sjötta serían af vinsælustu þáttum Stöðvar 2 um lögreglukonuna Rizzoli og réttarmeinafræðinginn Isles.
**01.00 Game of Thrones**
**02.00 Money Monster**
**03.35 Person of Interest**
**04.20 Rock and a Hard Place**
**05.45 Friends**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.15 Juventus-Barcelona**
**08.55 Paris St. Germain-Tottenham Hotspur**
**10.35 Bayern München-AC Milan**
**12.15 Premier League World**
**12.45 Juventus-Barcelona**
**14.25 FH - ÍA**
**16.05 Teigurinn**
**16.50 KA-Breiðablik**
**19.10 Sumarmótin 2017**
**19.45 Stjarnan-Grindavík**
**22.00 KA-Breiðablik**
**23.40 Stjarnan-Grindavík**
**01.20 Real Madrid-Manchester United**

## STÖÐ 3

**16.05 Mayday**
**16.50 Last Man Standing**
**17.15 Two and a Half Men**
**17.40 One Big Happy**
**18.05 Raising Hope**
**18.30 The New Girl**
**18.55 Curb Your Enthusiasm**
**19.30 Modern Family**
**19.55 The Goldbergs**
**20.20 Bob's Burgers**
**20.45 American Dad**
**21.10 South Park**
**21.35 The Mentalist**
**22.20 The Newsroom**
**23.20 Grimm**
**00.05 Modern Family**
**00.30 Curb Your Enthusiasm**
**01.05 The New Girl**
**01.30 The Goldbergs**
**01.55 Bob's Burgers**
**02.20 American Dad**
**02.45 South Park**
**03.10 The Mentalist**
**03.55 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Víkingurinn Viggó**
**07.11 Zigby**
**07.25 Stóri og Litli**
**07.38 Ljóti andarunginn og ég**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur**
**10.00 Lína langsokkur**
**10.25 Hvellur keppnisbíll**
**10.37 Ævintýraferðin**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Víkingurinn Viggó**
**11.11 Zigby**
**11.25 Stóri og Litli**
**11.38 Ljóti andarunginn og ég**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur**
**14.00 Lína langsokkur**
**14.25 Hvellur keppnisbíll**
**14.37 Ævintýraferðin**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Víkingurinn Viggó**
**15.11 Zigby**
**15.25 Stóri og Litli**
**15.38 Ljóti andarunginn og ég**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Hvellur keppnisbíll**
**18.37 Ævintýraferðin**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Hanaslagur**



**Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.24**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 The Open Championship**
**18.00 PGA Highlights**
**19.00 Marathon Classic**
**21.00 Golfing World**
**21.50 The Open Championship**

## BÍÓSTÖÐIN

**09.10 Miracles From Heaven**
**11.00 Goosebumps**
**12.45 Housesitter**
**14.25 Seven Years in Tibet**
**16.40 Miracles from Heaven** Áhrifamikil og afar nærgöngul mynd með Jennifer Garner sem byggð er á sannri sögu þar sem segir frá því hvernig fjölskyldulíf Beam-fjölskyldunnar umturnaðist á augabragði þegar miðdóttirin Anna greindist með sjaldgæfan sjúkdóm í meltingarfærum sem m.a. kom í veg fyrir að hún gæti nærst á eðlilegan hátt.
**18.30 Goosebumps**
**20.15 Housesitter**
**22.00 Maze Runner**
**00.10 The Martian** Dramatísk mynd frá 2015 með Matt Damon í aðalhlutverki. Geimfarinn Mark Watney er talinn af og verður strandaglópur á plánetunni Mars eftir að geimskipið The Hermes lendir í fárviðri, en geimfarinn verður að reyna að draga fram lífið á plánetunni einn og yfirgefinn, með lítið af tækjum eða öðrum vistum meðferðis.
**02.30 16 Blocks**
**04.15 Maze Runner**

## RÚV

**07.00 KrakkaRÚV**
**10.03 Undraveröld Gúnda**
**10.15 Stundin okkar**
**10.40 Matur frá öllum heimshornum – Rick Stein: Ástralía**
**11.45 Veröld Ginu**
**12.15 Sumartónleikar í Schönbrunn 2017**
**13.55 Mótókross**
**14.30 Íslandsmótið í golfi**
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.10 England - Spánn**
**21.00 Fréttir**
**21.25 Íþróttir**
**21.35 Veður**
**21.40 Fólkið mitt og fleiri dýr**
**22.30 Íslenskt bíósumar - París norðursins**
**00.05 Vammlaus**
**00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 King of Queens**
**09.05 How I Met Your Mother**
**09.30 How I Met Your Mother**
**09.50 The McCarthys**
**10.15 Speechless**
**10.35 The Office**
**11.00 The Voice USA**
**11.45 Your Home in Their Hands**
**12.35 Survivor**
**13.20 Top Gear: The Races**
**14.10 Superstore**
**14.35 Million Dollar Listing**
**15.20 Það er kominn matur!**
**15.55 Rules of Engagement**
**16.20 The Odd Couple**
**16.45 King of Queens**
**17.10 Younger**
**17.35 How I Met Your Mother**
**18.00 The Biggest Loser - Ísland**
**19.05 Friends with Benefits**
**19.30 This Is Us**
**20.15 Doubt**
**21.00 Twin Peaks**
**21.45 Mr. Robot**
**22.30 House of Lies**
**23.00 Damien**
**23.45 Queen of the South**
**00.30 The Walking Dead**
**01.15 APB**
**02.00 Shades of Blue**
**02.45 Nurse Jackie**
**03.15 Twin Peaks**
**04.00 Mr. Robot**
**04.45 House of Lies**
**05.15 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





2 **WORLD OF DANCE**
Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Dómarar eru allir þekktir dansarar á heimsmælikvarða og meðal þeirra eru Jennifer Lopez, Ne-Yo og Jenna Dewan Tatum. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla dansáhugamenn.

**SPENNANDI SUNNUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



2 **BLOKK 925**
Nýstárlegir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar þar sem tvö teymi taka hvort sína íbúðina í gegn frá A til Ö á ódýran, spennandi og fallegan hátt.

2 **GRANTCHESTER**
Þriðja sería þessara stórgóðu bresku spennuþátta sem fjalla um þá séra Sidney Chambers og lögreglumanninn Geordie Keating sem rannsaka flókin sakamál í bænum þeirra Grantchester á sjötta áratug síðustu aldar.




2 **GÅSMAMMAN**
Önnur sería þessara hörkuspennandi sænsku þátta um Sonju sem lifði afar góðu og áhyggjulausu lífi með eiginmanni sínum og þremur börnum í úthverfi Stokkhólms. En þegar líf hennar tók skyndilega stakkaskiptum og öryggi hennar og barnanna var ógnað voru góð ráð dýr.



3 **CURB YOUR ENTHUSIASM**
Larry þarf að krjúpa fyrir húðsjúkdómafræðingi sem hann hafði áður móðgað til að fá lyf fyrir kláðakenndum útbrotum Cheryl.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## Lífið í vikunni

16.07.17-22.07.17

### ÍHUGAR AÐ EIGNAST BARN MEÐ GJAFASÆÐI



Sigríður Lena er 32 ára og barnlaus. Hún er ekki í sambandi en finnur fyrir löngun til að eignast börn. Hún íhugar að stofna fjölskyldu ein með því að þiggja gjafasæði og veit um konur í sömu pælingum. Sigríður ætlar að taka sér ár í að hugsa málið. „Ég ætla að sjá hvort eitthvað breytist í ástamálunum en ef ekki þá er þetta næsta skref sem ég mun sennilega taka.“

### HÖGNI OG ERASED TAPES Í EINA SÆNG



Söngvarinn Högni Egilsson skrifaði nýverið undir samning við breska plötufyrirtækið Erased Tapes og í haust kemur út fyrsta sólóplatan hans. Hann segir ómetanlegt að finna gott plötufyrirtæki til að vinna með því slíkt fyrirtæki geti verið eins og fjölskylda.



### FARA 10 KÍLÓMETRA FYRIR VIN SINN

Parið Þorbjörg Marinósdóttir, betur þekkt sem Tobba, og Karl Sigurðsson ætla að hlaupa 10 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst til styrktar vini sínum, leikaranum Stefáni Karli Stefánssyni, sem glímir við krabbamein.

### SJÁLFLÆRÐIR Á HLJÓÐFÆRIN

Bræðurnir Egill og Bjarki Hreinn Viðarssynir skipa bandið Andy Svarthol. Það vekur athygli að þeir eru sjálflærðir á hljóðfærin. „Möguleikarnir eru miklir og upplýsingaflæðið er endalaust á netinu, maður getur lært hvað sem er.“








Gamall draumur Siggu Klingenberg hefur ræst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leggur áherslu á gleði í athöfnum sínum

Þegar **Sigga Klingenberg** var lítil dreymdi hana um að verða prestur og gifta pör og skíra börn. Draumurinn rættist og í dag stýrir hún reglulega gleðilegum athöfnum þar sem kærleikur ræður ríkjum.

Sigríði Kling dreymdi um að verða prestur þegar hún var lítil því hana langaði að gifta og skíra. Og nú hefur draumurinn ræst. „Málið er að þegar ég var lítil stelpa í sveit á Snæfellsnesi þá ætlaði ég alltaf að verða prestur. En svo var þetta kannski dálítið strembið, að fara í latínuna,“ segir Sigríður, eða Sigga, og hlær.

„En svo æxlaðist það þannig, fyrir fimm árum, að ég skírði fyrsta barnið,“ segir Sigga sem hefur síðan þá skírt nokkur börn og gefið nokkur pör saman.

„Mér finnst alveg ótrúlega gaman að gamall draumur hafi ræst. Ég elska allt svona og í dag vinn ég sem prestur á minn hátt. Ég vil með húmor og góðum setningum gleðja fólk, það er mitt aðaltakmark,“ segir Sigga eða séra Sigga eins og sumir kalla hana núna.

Sigga kveðst hafa gleði og kærleik að vopni í þeim athöfnum sem hún stýrir. „Ég vil að allir taki þátt og ég geri þetta allt saman í nafni ástar, kærleika og almættisins.“

> **ÉG GERI ÞETTA ALLT SAMAN Í NAFNI ÁSTAR, KÆRLEIKA OG ALMÆTTISINS.**

**Íslendingar bíða of lengi**

Sigga upplifir að sífellt fleira fólk vill gifta sig með óhefðbundnu sniði. „Það er mikilvægt að það sé boðið upp á fjölbreytni svo að fólk hafi val um hvernig það lætur pússa sig saman. Og ég vil gera hlutina skemmtilega! En ég tek fram að auðvitað er fullt af fólki sem giftir pör á skemmtilegan en líka hefðbundinn hátt.

Svo finnst mér líka verða að vera pláss fyrir að fólk geti gift sig án þess að gifta sig formlega á pappír, frammi fyrir sýslumanni. Það ætti að vera nóg að hafa bara staðfestingarathöfn um að fólk sé saman. Þá getur fólk gift sig bara fyrir hvort annað í staðinn fyrir að láta praktísk atriði ráða ferðinni.“

Sigríður er þeirrar skoðunar að Íslendingar bíði of lengi með að ganga í hjónaband vegna þess að það sé flókið og að fólk mikli hlutina fyrir sér. „Ég veit um fólk sem hefur haldið svona staðfestingarbrúðkaup og það ætti bara að vera nóg. Það er samt ekki næg virðing borin fyrir því að fólk sé saman án þess að vera gift fyrir sýslumanni. Þegar fólk er búið að vera saman í fleiri fleiri ár og búið að búa saman, þá á það að fá sömu réttindi og gift hjón. Æ, nú er ég komin út í pólitík. Ég er svo pólitísk,“ segir hún og skellir upp úr.

Spurð út í hvort hún sé trúuð segir Sigga: „Ég er trúuð en ég gifti fólk ekki með mjög trúarlegu sniði, nema að fólk biðji um það. Ég vil bara að gleðin sé við völd. Ég trúi á hið góða, á jörðina og alheiminn og guð í því.“

gudnyhronn@365.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


BREYTTU
13
ÓHAPPATÖLU Í
HAPPATÖLU
26
Stelpurnar okkar sjá um leiksnillina en við sem heima sitjum sjáum um heppnina. Krossaðu fingur, hentu salti yfir öxlina og breyttu óhappatölu í happatölu með EM fötunni á KFC.
13
BBQ HOT WINGS
+
13
HOT WINGS
ÁFRAM ÍSLAND
EM FATA
2.899 kr
KFC

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Óttars Guðmundssonar




## Reykholtshátíð

Um nýliðna helgi var haldin hátíð í Reykholti til að minnast þess að 70 ár eru liðin síðan Norðmenn gáfu staðnum styttu af Snorra. Mikið var um dýrðir. Snorri Sturluson, frændi minn, er merkasti Íslendingur allra tíma. Hann bjargaði norrænni goðafræði frá glötun og skrifaði ævisögu forföður okkar beggja, Egils Skallagrímssonar. Heimskringla skáldsins gerði Noregskonunga og hetjudáðir þeirra ódauðlegar. Það er kaldhæðni sögunnar að einmitt norskur kóngur lét drepa Snorra með aðstoð fyrrum tengdasonar hans, Gissurar Þorvaldssonar, og tveggja smáglæpona, Símonar knúts og Árna beisks. Þetta morð er mesti menningarglæpur á Norðurlöndum. Enginn veit hvaða meistaraverk Snorri hafði í kollinum þegar lið undirmálsmanna sótti að honum.

Norðmenn hafa með tímanum eignað sér Snorra. Meira að segja höggmyndin í Reykholti er af norska listamanninum Kristjáni Krogh (f. 1852) en ekki af skáldinu. Sjálfsmynd Kroghs var fyrirmynd Wigelands sem gerði styttuna. Norðmenn gáfu því myndastyttu af ferköntuðum, nítjándualdar Norðmanni, íklæddum kufli og skrítnum hattkúfi með gamla símaskrá undir hendinni. Enginn ættarsvipur er með styttunni og ættmennum Snorra Sturlusonar að mati færustu sérfræðinga.

Þótt liðnar séu tæpar átta aldir frá glæpnum hafa Norðmenn ekki sýnt neitt samviskubit. Fulltrúar norsku krúnunnar koma saman á morðstaðnum til að upphefja sjálfa sig. Við afkomendur Snorra teljum að nú sé nóg komið. Krafan er að styttunni af Kristjáni Krogh verði skilað til föðurhúsanna og stjórnmálasambandi við Noreg verði slitið þangað til Norðmenn og norska konungsfjölskyldan sýna tilhlýðilega iðrun og biðjast opinberlega fyrirgefningar á morðinu á Snorra Sturlusyni.








